

BLÁÐ

7. ÁRG.

MAÍ 1985

1. TBL.

ÍÐJUNJÁLFAFÉLAG ÍSLANDS

FELLSÁS 7 - MOSF. S. 666110
Opíð mánudaga og miðvikudaga
kl. 13 - 18

Við getum nú boðið háþrúð
hjálpartæki frá POSSUM.

- margs konar tjáskiptatæki
með og án tölvu
- umhverfisstjórnunartæki
- textavinnslutæki
- kennslutæki
- bókaflettarar

Possum Controls

- ☐ BBC 'B' Computer Scanning and Expanded Keyboard Interface Controls
- ☐ Apple II Computer Scanning and Expanded Keyboard Interface Controls
- ☐ Possum ZX Spectrum Computers (Scanning and Expanded Keyboard versions)
- ☐ Possum ZX81 Computer (Expanded version)
- ☐ Text Processor System
- ☐ Typewriter Control Systems
- ☐ Basic Skills System
- ☐ Communicator 100SP (using voice synthesis and print-out techniques)
- ☐ Communicator 100 and Communicator 16
- ☐ Elkoni Communicator Range
- ☐ PSU3/PSU2/A.I.D. Environmental Controls
- ☐ Pendant Alarm System
- ☐ Custom Design System
- ☐ Audio/Visual Security Alarm
- ☐ PSU3 Accessories (T.V. Channel Change Curtain Control, Possum Radio, etc.)
- ☐ Possum and Gewa Page Turners
- ☐ Possum Playtime
- ☐ Scanning Trainer Aid
- ☐ Listen and Learn
- ☐ Scanning Calculator
- ☐ Input controls

Possum Controlled Computer Systems



Við getum nú einnig boðið frá SYNAPS tjáskiptatæki og umhverfisstjórnunartæki. Einnig cif-roiann. Hann stjórnast af snertingu, þrýstingi, hljóði ljósi, hita, blása-sjúga, segulafli, hátíðinljóði, andardrætti ofl.

HEIDI-KOMMUNIKATOR HM-230

- den er simpelt hen markedets mest alsidige minikommunikator!

HEIDI-kommunikatoren er en fantastisk alsidig minikommunikator med mange anvendelsesmuligheder. Den kan anvendes af alle handicappede med kommunikationsvanskeligheder eller behov for styring af funktioner som tænde og slukke lys, TV, radio osv.

Den indbyggede CIF-kontakt (Pat. anm.) kan indstilles til brugerens individuelle behov, og indstillingen er beskyttet mod pilingre og utilsigtede ændringer.

Trods den avancerede automatik, indbygget CIF-kontakt og akkumulatorceller, er HEIDI-kommunikatoren kompakt og kan let fastgøres på en kørestol.



 **synaps electronic ApS**

PRENTUN: Stensill hf.
Nóatún 17, 105 Rvk.

RITNEFND : Björk Pálsdóttir
Hrefna Óskarsdóttir
Sigrún Garðarsdóttir
Valrós Sigurbjörnsdóttir

EFNI: TJÁSKIPTI

STJÓRN IÍ : Hope Knútsson formaður
Sigríður Jónsdóttir gjaldkeri
Guðrún Hafsteinsdóttir ritari
Rannveig Baldursd. varaformaður
Anna Sveinbjörnsd. stjórnarmeðl.
Anne Grethe Hansen varamaður
Hildur Þráinsdóttir varamaður

IÐJUBJÁLFAFÉLAG ÍSLANDS
Pósthólf 8845
128 Reykjavík

EFNISYFIRLIT

Greining og þjálfun afasisjúklinga á Reykjalundi.....	bls. 2
Hlutverk iðjubjálfa í meðferð afasisjúklinga.....	" 6
Munnleg samskipti hinna fötluðu við hina heilbrigðu.....	" 9
Tæknileg hjálpartæki til tjáskipta og umhverfisstjórnunar.....	" 13
Nokkur orð um Bliss-táknmál.....	" 17
Tölvur og samskipti fólks.....	" 19
Tjáskipta- og umhverfisstjórnunartæki.....	" 24
Bókakynning	" 28
Lausar stöður.....	" 29
Neyðarástand á Landspítala.....	" 30
Félagsstarfsemi.....	" 32
Fréttir.....	" 35
Félagslisti.....	" 40

Greining og þjálfun afasisjúklinga á Reykjalundi

1. Inngangur.

Ég hef verið beðin um að lýsa greiningu og þjálfun afasíusjúklinga og tek ég á efninu á eftirfarandi hátt. Fyrst er gerð grein fyrir því hvað afasía er, rætt um tvær algengustu tegundir hennar og svoltið minnst á slæman fylgifisk sem er apraxía í tali. Þar á eftir ræði ég um greiningu á afasíu og þau próf sem við það eru notuð. Að lokum kem ég að meðferð sjúklinga og lítillega að væntanlegum breytingum á tal-þjálfunardeildinni hér á Reykjalundi.

2. Hvað er afasía?

Afasía er tal- og máltruflun, afleiðing einhvers konar heilaskaða. Í flestum tilfellum orsakast afasía af slagi þ.e. blæðingu inn á heilann, blóðtappa eða æxli við heila, eða þá af alvarlegum áverkum. Sjúkl. með afasíu eiga oft erfitt með að skilja það sem þeir heyra. Þó eru ennþá algengari erfiðleikarnir við að tjá sig munnlega og þegar þannig er ástætt fyrir sjúkl., gengur honum yfirleitt sæmilega eða jafnvel þokkalega að skilja það sem við hann er sagt. Lestrar-, skriftar- og reikningsgeta sjúkl. raskast verulega í mörgum tilvikum, en það getur líka verið mismunandi eftir því um hvaða tegund afasíu er að ræða. Ég hef aðallega verið að ræða hér að ofan um tvær algengustu tegundir afasíu en sú fyrri er kennd við Wernickesvæðið í heilanum og heitir svo eftir manninum, sem fyrstur gerði sér grein fyrir tengslunum á milli málskilnings og skaða, sem orðið hafði á þessum stað. Seinni tegundin og sú algengari er kennd við Paul Broca og kallast eftir honum Brocasafasía og er það svæði talsvert framar í vinstri heilahelming en Wernickesvæðið. (sjá mynd)



En víkjum nú nánar að þessum tveimur flokkum.

Brocasafasía.

Sjúkl. með Brocasafasíu (oft líka nefnd "motor aphasia", "expressive aphasia", eða "anterior aphasia") eiga afskaplega erfitt með að koma frá sér orðunum, þeir hiksta og stama og framburðarferfiðleikar gera vart við sig. Sömu leiðis er alengt að þeir sleppi flestum smáorðum og tengiorðum þannig að talið hljómar eins og símskeyti. Auk þessa ber mikið á málfræðivillum hjá þessum hópi sjúkl.. Þeim hættir mjög til að hverfa til einfaldari beygingarforma fyrir ýmsar beygingarmyndir eða nefnifall nafnorða í stað annarra falla, sem réttari hefðu verið.

Hjá þessum sjúkl. er skriftin oftast léleg ekki bara vegna þess að þeir eigi svo erfitt með að draga til stafs, heldur reynist innihaldið oftast svipað því, sem kemur frá sjúkl. munnlega.

Til viðbótar við hina eiginlegu Brocasafasíu hjá þessum sjúkl., hafa þeir oft hlotið viðbótartruflun sem kallast "apraxía" í tali. Þetta fyrirbæri lýsir sér þannig að sjúkl. rata ekki með talfærin á rétt hljóð í munnum og gera því mikið af framburðarvillum. Einn sjúkl. sagði t.d. Marveig fyrir Rannveig hjá mér. Þegar svona er ástatt er meðferðin öll miklu erfiðari, því apraxían fer ekki eftir neinu ákveðnu munstri, þannig að alltaf sé um sömu framburðarvillurnar að ræða. Apraxían er mjög flókið fyrirbæri eins og aðrar þjálfunarstéttir þekkja, því hún kemur fram í fingrum og höndum m.a. við framkvæmd hinna ýmsu athafna.

Wernickesafasía.

Þessi tegund afasíu (oft kölluð "sensory aphasia", "receptive aphasia" eða "posterior aphasia") lýsir sér þannig að sjúkl. talar nokkuð reiprennandi, nema þegar hann vantar orð og orð. Hrynjandi talsins er eðlileg og málfræðin yfirleitt mjög góð, ólíkt því sem gerist hjá fyrrnefnda hópnum. Hins vegar hendir það oft að innihald þess sem sjúkl. eru að segja er frekar fátæklegt. Þetta hefur verið kallað "empty speech" á ensku og lýsir fyrirbærinu ágætlega. Eg hef stundum á tilfinningunni að þessir sjúkl. geri sér far um að tala og tala svo að þeir þurfi ekki að hlusta á aðra, því það er þeim einmitt svo erfitt, þar sem þeir botna ekkert í því sem sagt er við þá. Það er vel hægt að líkja þessu við það að þurfa að hlusta á tungumál, sem maður kann ekkert í. Maður heyrir ágætlega að verið er að tala, en fær engan botn í það sem sagt er.

3. Próf.

Til eru mörg erlend afasiupróf, en sjálf hef ég mest notað bandarískt próf "Boston Diagnostic Aphasia Examination" eftir Goodglass og Kaplan. Eg hef þýtt þetta próf og staðfært ásamt Höskuldi Þráinssyni og hefur Heyrnar- og talmæinastöð Íslands kostað prentun og útgáfu þess. Er geysilegur munur að hafa þetta próf í höndunum, því það er sannarlega ekki um auðugan garð að gresja hvað varðar prófgögn á íslensku. Þetta próf kannar starfsemi talfaranna, málskilning, máltjáningu, lestur, skrift og reikning og nokkur önnur atriði til viðbótar. Með þessu prófi kom líka út "Athugun talfæra", sem gerir mögulega talsvert nánari athugun á starfsemi og uppbyggingu talfaranna heldur en sá hluti í afasiuprófinu sjálfu. Þetta próf er gott að nota, þegar sjúkl. hafa "dysarthríu" (þ.e. þegar vöðvar talfæra og öndunarfæra eru slappir) af einhverjum ástæðum eins og t.d. eftir slag, vegna Parkinsonsveiki, af MND, MS og fleira mætti auðvitað telja. Þegar mat á tal- og málhæfni sjúkl. hefur farið fram hefst svo meðferðin.

4. Meðferð afasíusjúklinga.

Afasíusjúkl. koma einu sinni á dag í talþjálfun og jafnvel tvisvar sumir hverjir, hér á Reykjalundi. Um er að ræða einstaklingsmeðferð fyrir þessa sjúkl.

Sjúkra-, iðju-, og talþjálfar ásamt heilsupjálfa og hjúkrunarfólki hittast á vikulegum samræmingarfundum til þess að samræma og skrifa æfingaskrár fyrir nýja sjúkl.. Þá höfum við ásamt viðkomandi lækni haft rúmlega tvo daga til þess að meta sjúkl. og finna honum hugsanlegt prógramm. Mjög góð samvinna er á milli þjálfunardeilda og koma þessir samræmingarfundir í veg fyrir árekstra í niðurröðun tímanna. Þarna eru líka teknar fyrir allar breytingar, sem verða á tímum sjúkl. sem fyrir eru og þegar hjúkrunarfræðingar fá ljósrít upp á deildir af samræmingartöflunni verða þeir að ná í gömlu æfingarskránnar frá sjúkl-ingunum og breyta þeim til samræmis við töfluna.

Þegar afasíusjúkl. byrjar í meðferð, er nauðsynlegt að útbúa meðferðaráætlun fyrir hann samkvæmt niðurstöðum greiningarinnar. Sjúkdóms-einkenni eru svo ólík að ekki er hægt að hafa lista af þáttum sem eiga að duga fyrir alla. Hins vegar eru mörg almenn atriði, sem eiga við flesta afasíusjúkl. og ætla ég að rabba um nokkur þeirra hér.

1. Rétt er að byggja meðferðarprógrammið þannig upp að svör sjúkl. verði rétt að miklum meiri hluta, þ.e. að verkefnið séu ekki erfiðari en svo að sjúkl. geri aðeins einstaka villu frekar en mest allt sé vitlaust, sem hann svarar. Rannsóknir hafa sýnt, að röng svör leiði af sér röð af röngum svörum hjá þessum hópi sjúkl. og hafi það tilhneigingu til þess að brjóta sjúkl. niður frekar en hitt.

2. Efnið, sem notað er í þjálfuninni þarf að vera einfalt og vel sniðið eftir þeim heilaskaða sem sjúkl. varð fyrir. Sé t.d. verið að æfa sjúkl. í því að fara eftir munnlegum fyrirmælum þarf að semja æfingar sem eingöngu æfa þennan þátt en ekki kannski láta hann lesa eða skrifa í staðinn.

3. Nauðsynlegt er að hafa æfingarnar þannig að sjúkl. þurfi að svara miklum fjölda spurninga eða atriða í hverjum tíma. Það hefur reynst mjög happadrjúgt í meðferðinni. Mjög gott er að skrá niður öll svör sjúkl.

4. Gott er að byrja hvern tíma með verkefnum sem sjúkl. eru kunnugleg og þar sem hann kemur til með að ná góðum árangri. Það gefur honum tíma til að hita sig upp og komast vel í gang.

5. Það reynist vel að kynna nýtt efni og nýjar aðferðir sem framhald af einhverju þekktu efni. Skyndilegar og órar breytingar eru ekki heppilegar.

6. Það gefst oftast vel að leyfa sjúkl. að fylgjast með því hversu vel og nákvæmlega hann hefur svarað í tímanum. Það verður þjálfarinn að veita og meta hverju sinni.

7. Sýnið sjúkl. allar framfarir. Það er nauðsynlegt að staldra við annað slagið og líta þá yfir ákveðið tímabil og velta vöngum yfir því með sjúkl. hvernig til hefur tekist.

Eins og ég nefndi hér að ofan koma afasíusjúkl. daglega í meðferð. En nú stendur til að talþjálfunin flytji í nýtt húsnæði á næstunni, sem er bæði stærra og betra og þá hef ég í hyggju að breyta heildarskipulagningu þjálfunarinnar í tengslum við það og mynda smáhópa til viðbótar við einstaklingsmeðferðina. Er ég þá fyrst og fremst að hugsa um lestrar-, skriftar- og reikningshópa og sömuleiðis "þvöglhóp" þar sem dysarhríu-sjúkl. koma og gera styrkjandi og líðandi æfingar fyrir talfæri. Fyrir þennan hóp þarf að vera stór spegill upp á vegg, svo allir geti séð hvað þeir eru að gera.

Sömuleiðis fæ ég þá líka góða aðstöðu til heyrnarmælinga. Margt af afasíusjúkl. er eldra fólk og hjá þeim er heyrnin oft farin að skerðast. Það er því nauðsynlegt að heyrnarmæling sé fastur þáttur í greiningu á sjúkl. og á Reykjalundur afbragðstæki til þess að gera þessar mælingar. Hins vegar eru niðurstöðurnar ekki alltaf marktækar meðan mælingarnar eru gerðar við hliðina á síma- og upplýsingaborði staðarins.

Ég hef hér að framan reynt að gera grein fyrir afasíu og meðferð hennar á Reykjalundi og vona ég, að menn verði einhvers vísari við þennan lestur.

Heimildir, sem ég hef nefnt og stuðst við eru:

1. R.H. Brookshire. 1973. An Introduction to Aphasia. BRK Publishers, Minnesota.
2. H. Goodglass og E. Kaplan. 1983. Greiningarpróf fyrir máltruflanir (afasíu). Sigríður Magnúsdóttir og Höskuldur Þráinsson þýddu og staðfærðu.



Valrós Sigurbjörnsdóttir
iðjubjálfi

Hlutverk iðjubjálfa í meðferð afasisjúklinga

Á Endurhæfingardeild Bsp. koma m.a. til meðferðar einstaklingar, sem hafa hlotið ýmis konar fötlun þar sem taltruflun er eitt af einkennunum. Taltruflun getur verið á mjög mismunandi stigi, allt frá vægri dysarthriu og til total afasiu. Orsakir taltruflananna eru ýmsar, en helst eru þó: lómun í andlitsvöðvum (við dysarthriu), heilablæðingar, -æxli eða -áverkar þar sem skerðing hefur orðið á þeim svæðum heilans, sem gera einstaklingnum kleift að tjá sig með tali og etv. einnig að skilja mælt og ritað mál. Í eftirfarandi mun ég í aðalatriðum einskorða mig við tjáskipti með tali og skrift, en um ýmis annars konar tjáskipti getur einnig verið að ræða t.d. umhverfisstjórnun.

Þar eð engin talmeinafræðingur er nú starfandi við Endurhæfingardeild Bsp. fer engin raunveruleg talþjálfun hér fram. Talmeinafræðingur kemur þó og metur sjúklinga eftir þörfum. Af þessum orsökum er þáttur iðjubjálfa í meðferð umræddra sjúklinga, þ.e.a.s. hvað varðar taltruflunina, meiri en elli. Meðferð iðjubjálfa við taltruflanir felst í mati á tjáskiptahæfni, tjáskiptaörvun auk þess sem við metum þörf/getu sjúklingsins til að nýta sér önnur tjáskiptaform og aðlögunum þau að honum.

MAT Á TJÁSKIPTAHÆFNI

Í byrjun meðferðar meta iðjubjálfar skilning sjúklings á mæltu máli, rituðu máli, myndum og látbragði og getu hans til að nýta sér þessa þætti í tjáskiptum (t.d. hvort um er að ræða impressiv eða expressiv afasi).

TJÁSKIPTAÖRVUN

Tjáskiptaörvun getur farið fram á margan mismunandi hátt, allt eftir á hvaða stigi taltruflunin er. Dæmi um þætti, sem nota má við örvun tjáskipta eru: æfingar, skrift, látbragð, tjáskiptatöflur, ritvél, communicator (Canon), Carba tjáskiptatæki og Bliss tjáskiptakerfi. Ef aðeins er um að ræða væga dysarthriu eru samtöl og æfingar sem örva/styrkja andlitsvöðva, það sem sjúklingurinn hefur mesta þörf fyrir. Þegar hins vegar er um verulega taltruflun að ræða er reynt að örva sjúklinginn til að mynda/segja orð eða setningu. Oft kemur að góðu gagni að nota einfaldar myndir til að tengja ákveðin orð við, og þá helst myndir sem höfða til sjúklingsins t.d. varðandi daglega lífið, atvinnu eða áhugamál hans.

HJÁLPARTÆKI

Til þess að sjúklingur með taltruflun geti orðið sjálfbjarga, hvað varðar tjáskipti, er honum oft nauðsyn á, að nota einhverja tegund hjálpartækis, sem kemur að hluta til eða öllu leyti í stað talaðs

máls (raddar). Á Endurhæfingardeild Bsp. er aðallega notast við eftirfarandi aðferðir og hjálpartæki:

-Skrift - Sjúklingur tjáir hug sinn og óskir með því að nota blað og skriffæri. Ef um lömun í hægri hendi (ríkjandi hendi) er að ræða samfara taltrufluninni (við skerðingu í vinstra heilahveli), er oft þörf fyrir að þjálfja sjúklinginn í að skrifa með vinstri hendi (víkjandi hendi).

-Látbragð - Hægt er að koma á ákveðnu kerfi, þar sem sjúklingurinn tjáir vilja sinn með fyrirfram ákveðnu látbragði svo sem nikki, augnhreyfingum eða handarhreyfingum. Einfaldleiki látbragðsins takmarkar þó mjög tjáskiptamöguleika sjúklingsins.

-Tjáskiptatöflur - Oft reynist nauðsynlegt að nota tjáskiptatöflur til að gera sjúklingi kleift að tjá sig um frumþarfir sínar og óskir. Iðjuþjálfar útbúa slíkar tjáskiptatöflur, en nauðsynlegt er að meta í hverju tilfelli hvers konar tjáskiptatafla hentar hverjum sjúklingi, og þjálfja hann í notkun hennar. Síðan þarf að þróa tjáskiptatöfluna eftir því sem ástand og þarfir sjúklingsins breytast.


Við gerð tjáskiptatöflu er æskilegast að hafa samráð við sjúkling, hjúkrunarfólk, aðra meðferðaraðila og fjölskyldu sjúklings og gera töfluna þannig úr garði, að sem flestir geti notfært sér hana í samskiptum við sjúklinginn.

Ýmis konar fötlun getur komið í veg fyrir að sjúklingur sé fær um að notfæra sér tjáskiptatöflu. Sem dæmi má nefna ef hann getur ekki stafað eða lesið, ef skortur er á skilningi hans á tilganginum með tjáskiptatöflunni eða ef hann vantar frumkvæði/vilja til að notfæra sér slíkt.

Eins og áður segir er mjög einstaklingsbundið hvers konar tjáskiptatafla er heppilegust hverju sinni. Um getur verið að ræða m.a. stafrófsspjald, þar sem sjúklingurinn stafar sig fram til þess sem hann vill segja, með því að benda á stafina. Oft reynast orðatöflur henta vel, en á þeim er orðum skipt niður í ákveðna flokka og sjúklingnum gert kleift, að tjá hug sinn með því að benda á eitt orð eða fleiri (mynd 1).

RÍM	SVANGUR	FRAM	MAMMA
STÓLL	ÞYRSTUR	LIPP	PABBI
BORÐ	ÞREYTTUR	NIDUR	SYSTIR
KLÓSETT	LEIDUR	LIT	BRÓÐIR
VASKUR	GLAÐUR	INN	SONUR
BAÐ	LIDUR VEL		DÖTTIR
LITVARP	LIDUR ILLA	IÐJUPJ.	KONA
SJÖNVARP		SJÚKRAPJ.	MADUR
			VINUR

Í sumum tilfellum henta tjáskiptatöflur best, þar sem ákveðnum athöfnum er lýst með einfaldri mynd. Fjöldi mynda fer eftir þörf og ástandi sjúklingsins.(mynd 2).



mynd 2

- Ritvél - Sjúklingur tjáir sig með vélrituðum texta og getur notað við þetta aðra hendina eða báðar, allt eftir atvikum. Einnig getur verið þörf fyrir hjálpartæki svo sem vélritunarpinna, sem festir eru utan um hendur sjúklingsins, eða höfuðpinna.
- Communicator (Capon) - Hér er um að ræða einskonar "vasa-ritvél", sem festa má t.d. á hjólastól, um háls sjúklings eða þar sem auðvelt er að flytja hana með sér. Textinn ritast út á strimil, svo notandinn getur á auðveldan hátt komið óskum sínum og skoðunum á framfæri við aðra.
- Carba tjáskiptatæki - Þessum tjáskiptatækjum er lýst á öðrum stað í Bláðinu.
- Bliss tjáskiptakerfi - Þessu tjáskiptakerfi er lýst á öðrum stað í Bláðinu.

Það er erfitt að setja sig til fulls í spor þeirra, sem skyndilega hljóta taltruflun, sem getur reynst mikil fötlun. Til þess að verða þessum einstaklingum að liði, er nauðsynlegt að vera vel á verði gagnvart þörfum þeirra og möguleikum á að tjá sig, og stuðla eftir metti að því, að þeir verði á einn eða annan hátt mest sjálfbjarga með tjáskipti.

Ebba Kr. Edwardsdóttir
talmeinafræðingur

Munnleg samskipti hinna fötluðu við hina heilbrigðu

Ebba Kr. Edwardsdóttir er talmeinafræðingur og hefur MA-próf frá University of Illinois. Hún starfaði við Borgarspítalann og Grensás-deild um árabil og hefur starfað sem talmeinafræðingur v/Heyrnar- og talmeinastöð Íslands frá 1.jan.1984. Sérsvið:neurologisk talmein og þjálfun vélindaraddar.

"Maðr es manns gaman"

Í samkeppniþjóðfélagi nútímans, sem byggist að miklu leyti á mikilli og hraðri tjáningu, munnlegri sem skriflegri, fara hin dýpri samskipti einstaklinganna eftir því, hve tjáskipti eru heil og hve réttur beggja aðila er virtur í þeim efnum.

Ofangreind orð úr Hávamálum eru djúp í einfaldleika sínum, en minna okkur hinn heilbrigða meirihluta þjóðfélagsins á, hve dýrmætt það er að geta talað, lesið, skrifað og reiknað, eða með öðrum orðum beitt þessu dýrmæta tæki, sem tungumál hverrar þjóðar er. Þetta eru forréttindi, sem við í dagsins önn látum okkur fátt um finnast, og beitum nánast sem sjálfsögðum hlut. Barnið lærir fyrirhafnarlítið að tala, séu skynfæri þess heilbrigð og örvun þess innan hæfilegra marka úr hinu daglega umhverfi. Við setjumst á skólabekk, lærum að lesa, skrifa og reikna, sem væri ekkert sjálfsagðara, og beitum síðan þessari grunnþekkingu allri til þekkingaröflunar, er þjóðfélagið krefst af okkur, eigum við að teljast samkeppnishæf.

Þó maðurinn sé í eðli sínu félagsvera, verður að viðurkennast sem er, at stutt er síðan, að hinn almenni borgari hér á landi varð almennt meðvitaður um tjáningarvandamál hinna ýmsu hópa fatlaðra, þar sem umræða um málefni þeirra hefur æ meir orðið í brennidepli, sem og kröfur þeirra sjálfra og aðstandenda um úrbætur í þeim efnum, hér sem erlendis.

Við beitum tungumálinu næsta umhugsunarlítið, grípum til þeirra orða, sem okkur eru tóm og búumst við svipaðri svörun á móti. En í hverju þjóðfélagi er stór hópur fólks, sem á erfiðara en aðrir með að til-einka sér. Það sem við hann er sagt, sakir þess að skynfæri hafa ekki hæfileikann til að taka við því, sem sagt er, auk þess að aðrir hafa orðið sjúkdómum að bráð, er torvelða tjáskipti við hina heilbrigðu.

Til þess að munnleg tjáskipti geti átt sér stað, þarf eftirfarandi skilyrðum að vera fullnægt: að málstöðvar heila, heyrn og talfæri viðkomandi séu í því ásíðkomulagi, að þau með samhæfingu, geti haldið eðlilegri munnlegri tjáningu uppi. Sé heyrn skert, þarf viðmælandi að að hafa mjög í huga, hvernig birta fellur á munn hans sjálfs og að horfa beint framan í hinn heyrnardaufa til þess að hann geti nýtt það

sem sagt er við hann. Mörgum þykir óþægilegt að "stara" í annars manns augu nær stöðugt, en hér er verið að gefa viðkomandi kost á að lesa svipbrigði úr andliti viðkomandi viðmælanda um leið og hægt er að lesa af vörum. Fólk með skerta heyrn hefur að jafnaði eðlilega tjáningu, - er heyrnartækisberar og þarf því að taka tillit til þess og snúa eigi við því baki, er talað er við það, né að hrópað sé milli herbergja, í því augnamiði, að viðkomandi eigi að nema það sem sagt er. Sem áður sagði tókum við hin tjáningunni sem sjálfsögðum hlut, og er það einnig orsök þess, að okkur hættir til að gleyma okkur í samskiptum við þennan hóp fatlaðra, sem svo mjög þarf á samvinnu okkar að halda. Nú í dag er sjónvarpið sá fjölmiðill, sem flestir hafa mikla ánægju af og kemur mér í hug, hve hollt það væri hverjum og einum að skrúfa niður í tækinu, og reyna að nýta þau viðtöl, sem þar fara fram og eru sem nauðsynlegur þáttur í daglegri þekkingaröflun hins heilbrigða. Það myndi margt fara forgörðum, og ekki einungis hjá okkur, heldur og þeim, sem ekki geta lesið af vörum, ef hlið er snúð að skerminum eða ef viðkomandi bærir varirnar vart, en slíkt er mörgum okkar samt í almenntri viðræðu því miður. Með góðum vilja er hægt að koma til móts við þennan þátt í samskiptum við heyrardauft fólk, og báðum aðilum auðnast að njóta hinna munnlegu samskipta með aukinni ánægju.

Máltap af völdum sjúkdóma er í eðli sínu margþætt, og getur bæði ráðist á málskilning og tjáningu einstaklingsins. Þessi fötlun er oft meira og minna hulin og gerir einstaklingnum og aðstandendum tjáskiptin lítt kleif eða a.m.k. mjög erfið á tíðum. Það hefur komið fram af frásögnum sjúklinga, er orðið hafa fyrir áföllum af þessum toga, að þrennt virðist í almenntri umgengni skipta höfuðmáli: a) að viðkomandi gefi sér góðan tíma til að hlusta, b) að hávaði frá umhverfi sé í lágmarki, c) að horft sé beint framan í viðkomandi.

Að vera sviptur munnlegri tjáningu á mjög snöggan hátt, er einhver mesta lífsreynsla, sem hent getur einstakling. Úrvinnsla þessarar reynslu getur tekið ærinn tíma, og hefur hún oft hlutverkaskiptingu í för með sér, þannig að sá, sem áður var vanur að tjá hug sinn, er nú háður túlkunum annarra á því, sem hann vildi sagt hafa. Hér þarf virðingin fyrir einstaklingnum að vera í fyrirrúmi, og samskipti öll að miða að því, að komið sé til móts við tjáningargetu hvers og eins sem mein og aðstæður leyfa. Framkoma hins heilbrigða meirihluta getur hér skipt sköpum, þar sem sjúklingur hefur að jafnaði fulla heyrn, þó tjáningu sé ábótavant. Það hendir okkur hin alltof oft, eins og þegar útlendingur er okkar á meðal, þar sem við búumst ekki við að viðkomandi skilji það sem við hann er sagt, að talað sé um einstaklinginn í áheyrn hans, þó svo að hann skilji það sem fram fer. Stafar þetta oft af því, sem áður er getið, að hinn heilbrigði meirihluti er vanur að fá svar, og stendur hér frammi fyrir hinu óþekktu, - einstaklingi, sem kannski skilur, en svarar einungis með já eða nei, eða einhverju hljóði, sem erfitt er að greina hvað merkja á. Þögn er manninum holl í hófi, en hún getur verið hvíld og hún getur verið nærandi, ef hún er valin af viðkomandi sjálfum. Þögn af þessu tagi, er af allt öðrum toga, og við hin eigum á tíðum hlutdeild í að gera hana þungbærari, sakir skorts á nærgætni í orðum eða framkomu. Fólk hefur misjafnlega mikla þörf á að eiga viðmælanda, og vissulega er þögnin okkur misjafnlega kærkomin í daglegu lífi. En hvort sem við erum opin, og þurfum mikið að tjá okkur, eða teljumst til þess hóps, er telst lokaður og fáskiptinn og hefur litla tjáningarþörf í daglegu lífi, þá er það okkur öllum sameiginlegt, að finnst það að tala um aðra manneskju sem sé hún heyrarlaus, að henni viðstaddri, með öllu ósæmami, og er okkur vissulega auðvelt að hindra

Það, verðum við vör við slíkt í návist máltapssjúklinga með því að byrja á okkur sjálfum, og veita fordæmi.

Þessi hópur sjúklinga á erfitt með lestur venjulegs leturs, og hefur sjónvarpið komið til móts við þarfir hluta hans, með því að texta fréttirnar að munnlegum flutningi þeirra loknum. Þarna er stafabil og línubil aukið, og er það vel. En texti mynda, þýddur af erlendum málum fer alltof hratt til þess að þessi hópur geti tileinkað sér hann. Hér koma hljóðbækur frá Blindrabókasafni oft að góðum notum, sé málskilningur til staðar.

Fólk, sem orðið hefur fyrir máltapi af þessum toga, hefur mikla þörf fyrir, að rætt sé við það um atburði líðandi stundar, og um málefni, sem því eru nær. Hér reynir á hinn heilbrigða meirihluta að bregðast eigi, þó svör séu af skornum skammti. Augu tjá margt sem og önnur svipbrigði. Hér skiptir, sem fyrir segir, miklu máli, að horft sé í augu sjúklings og beðið eftir svörun - sé hún hæg.


Það er heilbrigðu fólki hollt að íhuga þögn, sem ekki er hægt að rjúfa á auðveldan hátt. Þeir sem reynt hafa, og miðlað okkur hinum, hafa gert okkur kleift að öðlast nokkurn skilning á aðstæðum þessa hóps.

Það er ósk mín, að heilbrigðisstéttirnar geti liðsinnt vinum og aðstandendum við þessar aðstæður, og jafnvel reynt að stuðla að betri líðan sjúklinganna með því að taka tillit til ofangreindra þátta, og hvetja aðra til hins sama.

Það veit enginn sína ævina fyrr en öll er. Með það í huga, að hvert og eitt okkar gæti verið í þessum sporum áður en lýkur er vert að ígrunda, hvernig við kysum, að komið yrði fram við okkur sjálf.

Heimildir: Ashley, Jack, A Journey into Silence, The Bodley Head, London '73
Moss, Scott, Recovery with Aphasia, University of Illinois Press,
1972

Ritchie.D. Stroke, Faber and Faber, London. 1960
Persónuleg samtöl við sjúklinga og aðstandendur.



BETRI SVEFN BETRI SLÖKUN

Í dag eru allir helstu fagmenn á þessu sviði á sama máli og DUX:

Fyrirmyndardýnan á að hafa mjúkt efra lag og hart neðra lag, þannig að hryggurinn hvílir alltaf í eðlilegri stellingu.

DUX hefur ávallt framleitt dýnur í samræmi við þessa reglu.

En það er fyrst með tækniframförum nútímans, sem tekist hefur að sanna að DUX-reglan býður upp á einstæðan svefn og betri slökun.

Á Karolinska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi hefur umfangsmiklum rannsóknagögnum verið safnað saman. Í þeim kemur hvað eftir annað í ljós að DUX-dýnan ber af öðrum.

Leyndardómur DUX-dýnnar felst í tvöfaldri fjöðrun úr sérstöku stáli.

Harður neðri hlutinn tryggir djúpfjöðrun og tekur á móti öflugum hreyfingum.

Efri hlutinn, sem er mýkri, gefur eftir þar sem hann verður fyrir þrýstingi og lagar sig þannig að líkamanum. Hann lætur undan þrýstingi frá öxlum og mjóðmum, en styður þægilega við mitti og fótleggi.

Meira en 1000 gormar eru til taks að bregðast við sérhverri hreyfingu líkamans.

Með tilliti til gæða er Dux einnig öðrum dýnum fremri. Sérhver hlutur er valinn af kostgæfni með hliðsjón af því hlutverki, sem honum er ætlað. Dýurnar gangast undir prófanir, sem jafngilda meira en tuttugu ára tillitslausri notkun.

STÆRÐIR Á DÝNUM:

90 × 2	140 × 2
105 × 2	165 × 2
120 × 2	90 × 210



HRINGID Í

27560

...og við sendum þér að kostnaðarlausu nákvæmar upplýsingar um betri og dypri svefn í sænsku DUX heilsurúmi




MIDBÆJARMARKADNUM ADALSTRÆTI 9
SÍMI 27560. POST BOX: 1261 REYKJAVÍK

Tæknileg hjálpartæki til tjáskipta og umhverfisstjórnunar -Carba Linguaduc.

Með tækniþróun undanfarinna ára, hefur hönnun og notkun tæknilegra hjálpartækja, fyrir fatlaða einstaklinga, farið mjög í vöxt. Þar má nefna tæki til tjáskipta, umhverfisstjórnunar og umferðar, auk gervilima. Tilraunir hafa jafnvel verið gerðar í þá átt, að nota vélmenni til umhverfisstjórnunar, þó þeim sé ekki spáð langlífi á tækniráðstefnum í dag. Tækninni fleygir fram, og þar með nýjungum á þessu sviði, þannig að erfitt er að spá fyrir um, hvaða tæki verða ofan á, á morgun. Einnig er farið að nýta tölvutæknina í vaxandi mæli og kemur það til með að draga úr kostnaði, við framleiðslu slíkra hjálpartækja. Kostnaðurinn hefur verið gífurlega mikill, þar sem yfirleitt er um mjög takmarkað upplag að ræða. Má því ætla að fleiri geti notið góðs af tæknilegum hjálpartækjum í framtíðinni.

Svölurnar og Lions klúbburinn Njörður, gáfu Grensásdeild Borgarspítalans, fyrir nokkrum árum, tækjasamstæðu, sem býður upp á tjáningu og umhverfisstjórnun fyrir mjög hreyfihamlaða einstaklinga. Um er að ræða CARBA Linguaduc kerfið frá Sviss. Tækjasamstæðan samanstendur af móttökum og mismunandi tækjum sem stjórnað af þeim. Um er að ræða sjö móttaka, sem hver um sig nemur ákveðið áreiti frá hinum fatlaða einstaklingi, s.s. hljóði, þrýsting eða hreyfingar. Fjöldi móttakanna og hinir mismunandi eiginleikar þeirra, koma sér vel varðandi prófun á því, hvers konar hjálpartæki komi að bestu gagni, fyrir hvern og einn. Þetta er mikilvægt, þar sem þarfir hinna hreyfihömluðu eru jú mjög mismunandi og möguleikar á aðlögun er mikilvægur þáttur í því hvort viðkomandi getur yfir höfuð nýtt sér slíkt tæki. Tækin sem stjórnað af móttökunum eru: tölva og skermur, til tjáskipta og umhverfisstjórnunar; tíu-rása umhverfisstjórnunartæki; blaðsíðuflettari; og tíu-ljósa benditafla eða "scanner". (Ath. að tvö síðustu tækin eru ekki eign Grensásdeildarinnar þegar þetta er ritað).

CARBA Linguaduc:



Móttakar.

Carba hefur framleitt mismunandi tegundir móttaka, til að koma til móts við þarfir sem flestra einstaklinga. Auk hljóðnema er þrýstiniemi, sem stjórnað er með snertingu eða öndun; infrarauður móttaki, sem nemur hreyfingar er rjúfa geisla; "radar"móttaki, sem nemur stöðubreytingar einstaklings inni í ákveðnum geisla, allt niður í hreyfingar augnabrána; og "ultrasonic"móttaki, sem er þráðlaus fjarstýrir er nemur snertingu. Allir nemarnir gefa mikla valmöguleika hvað stillingu varðar. Hljóðnemann má t.d. stilla þannig að hann nemi blástur og allt yfir í köll. Auk ofantalinna nema, er stækkað vélritunarborð, fyrir þá sem hafa vald á að velja stafi sjálfir, en ráða ekki við nema mjög grófar eða ónákvæmar hreyfingar. Einnig tilheyrir mjög smækkað vélritunarborð, en því fylgir pinni til að velja stafina. Þessi möguleiki getur verið æskilegur fyrir þá sem hafa mjög takmarkaðan vöðvastyrk eða hreyfiferla, en ráða yfir nokkurri nákvæmni í hreyfingum.


Taki.

Nemarnir eru tengdir við mismunandi tæki, þannig að hægt er að stjórna tækjunum með þeim. Eftirtalin tæki eru framleidd af CARBA:


- Blaðsifuflettari: Hér er um að ræða flettara með plexiglerstoð. Flettarinn sagnar til sín blaðsifurnar, svipað og ryksuga myndi gera. Þetta mun vera einna besti og fyrirferðarminnsti blaðsifuflettarinn á markaðnum í dag.
- Umhverfisstjórnunartæki: Hægt er að velja um níu stöðvar með því að nota geisla til að kveikja og slökkva á mismunandi tækjum í umhverfinu s.s. útvarpi, sjónvarpi og ljósum. Auk þess er hægt að hækka og lækka höfðalag á rafknúnum rúmunum. Einnig er hægt að fá umhverfisstjórnunartæki með tíu stöðvum og er þá ein þeirra ætluð fyrir síma.
- Pointing set: Hér er um að ræða leitunartöflu ("scanner") með tíu sjálfstæðum möguleikum, sem hægt er að setja saman á mismunandi vegu, þar sem hvert ljós fyrir sig er fest á tveggja metra langa leiðslu. Tvo af möguleikunum tíu má svo nota fyrir umhverfisstjórnun. Þetta tæki gefur mikla möguleika fyrir kennslu.



Blaðsifuflettari



Umhverfisstjórnunartæki



Pointing set



- Tölva: Tölvun er tengd við skerm, og býður hún upp á fimm mismunandi prógrömm. Hægt er að tengja prentara við tölvuna. Hér á eftir verður reynt að gera nánari grein fyrir prógrömmunum fimm í stuttu máli.

Prógrömm í tölvu.



- "Miniscript": Hér er um að ræða einfalt leturborð og "scannerljós". Prógrammið býður upp á bókstafi og tölustafi. Þrjár línur af texta

rúmast á skerminum í einu og hefur hver lína 32 stafir. Síðan er hægt að prenta textann.

- "Carbascript": Þetta er flóknara leturborð með bæði tölu og bókstöfum á skerminum í einu. Auk þess eru margir aðrir prentunar- og stillingamöguleikar. Einnig eru fimm umhverfisstjórnunarmöguleikar, ein bjalla og fjórir valkostir. Sex línur komast fyrir á skerminum í einu, en auk þess er minni fyrir sex slíkar síður sem hægt er að kalla fram eftir vild. Síðan er hægt að prenta textann.
- Hljómborð: Hér birtist tónstiginn á skerminum og er hægt að semja og spila tónlist að eigin vild. Til að nýta þennan möguleika þarf einnig sérstakt hljómtæki. Hægt er að nota stóra lykilorðið í stað móttaka og sleppa þannig "scannernum".



- "Carbagraph": Hægt er að nota "scannerinn" til að teikna með. Þetta er gert með því að nota móttakana til að stjórna örvum sem hreyfast í mismunandi áttir á skerminum, og draga þannig línur.
- "Scanner": Leitunartafla með möguleikum fyrir 70 tákni. Þessi möguleiki nýtist í prófunarskyni, en ef einstaklingur þyrfti eingöngu á þessari tækni að halda koma sjálfstæðar "scannertöflur" s.s. Zýgo sér betur.



Tækjasamstæða þessi er notuð til að meta hvers konar hjálpartæki, henti hverjum og einum. Hægt er að prófa hvaða móttakar henti best, og hvers konar prógrömm eða tækjategundir eigi best við, áður en farið er út í að panta mjög dýr tæki, sem að viðkomandi getur svo e.t.v. ekki notað. Að sjálfsögðu þarf að meta hvern einstakling vandlega, líkamlega, andlega og félagslega, áður er hægt er að segja til um hvort að þetta kerfi eða önnur svipuð komi honum að notum.

Mörg önnur tæki en Carba eru fánleg á markaðnum og þarf að meta kosti og galla hvers fyrir sig, áður en eitt þeirra er valið. Hafa ber í huga mismun varðandi kostnað og möguleika á uppsetningu við íslenskar aðstæður. Hér á eftir fylgir listi yfir nokkur tæki sem eru töluvert notuð þessa dagana og umboðsaðila þeirra.


- CARBA: V.A Howe and Company Ltd., 12-14 St. Ann's Crescent, London SW8 2LS.
- Cannon: Prentvél með litlu leturborði til tjáskipta. Hægt er að hafa hana á handlegg. Skrifvélin hf., Suðurlandsbraut 12, Rvk.
- Comhandi: "Scanner" ritvél og mismunandi móttakar. Physical-Medical Systems Corporation, 9250 Park Avenue Suite M 101, Montreal Quebec H2N 1Z2 Canada.
- Enco III: Fimm stöðva umhverfisstjórnun með mismunandi nemum: Electrocraft Industrial Sales, Newburgh, Ontario, Canada.
- Genie: Tíu stöðva umhverfisstjórnunartæki auk þrýstinema: Western Technical Products, 923-23 Avenue E. Seattle, Washington, 98112 U.S.A.
- PMV: Ritvél sem hefur mismunandi stærðir af leturborðum. Þrýstinemi. Facit umboðið, Skrifstofuvélar, Gísli J. Johnsen.
- Possum: Stækkað lykilborð á ritvél, margs konar nemar, umhverfisstjórnunartæki og ýmis konar "scanner"töflur, sem sumar hverjar má nota til að stjórna tölvum. Vela, Fellsás 7, Mosfellssveit.
- System 7,8 og 9: Fimm og tíu rása umhverfisstjórnunartæki og "scanner"ritvél. Zambette Electronics Ltd., 17 High St. Southend on Sea, Essex, England.
- T.O.S.C.: Ellefu rása umhverfisstjórnunartæki með síma ef vill. Þetta er eitt af fáum slíkum tækjum sem hefur tvöfalt rásakerfi, þ.e. það býður upp á fleiri möguleika en bara að kveikja og slökkva á mismunandi tækjum. Það gefur t.d. möguleika á að taka upp á segulband, spóla áfram og spóla aftur á bak. Einnig er hægt að skipta um rás á sjónvarpsstöðvum, en þessir möguleikar eru ekki fyrir hendi á einfaldari umhverfisstjórnunarkerfunum: Prosthetic Services DHN and W, Sunnybrook Medical Center 2075 Bay View Ave., Toronto, Ontario, Canada.
- Zygo: "Scanner"töflur í mismunandi stærðum, með mismunandi nemum. Gewa Rehab teknik AB, Box 3059, S-161 03 Bromma, Svíþjóð.

Snæfríður P. Egilson
iðjubjálfi

Nokkur orð um Bliss-táknmál

Bliss er myndrænt táknmál sem talhamlaðir geta notað til tjáskipta. Táknin eru flest hver einföld og rúkrétt. Þau spanna heil hugtök og tjáskipti geta þess vegna gengið hraðar fyrir sig en þegar reynt er að stafa sig áfram með bókstöfum. Það eru einkum hreyfihömluð börn sem hafa nýtt sér Blisstáknmálið með góðum árangri, en einnig fullornir sem fengið hafa heilaáverka af völdum blæðinga eða slysa. Jafnvel vangefnir geta haft not af Blisstáknunum.

Táknmálið er nefnt eftir Höfundinum, Charles Bliss, sem fæddur var í Austurríki 1897. Hann gerði sér vonir um að táknmálið mætti nota til alþjóðlegra tjáskipta, s.s. esperanto. Það var hins vegar ekki fyrir en árið 1971 að Blisstáknin voru "uppgvötuð" af nokkrum sérkennurum við stofnun fyrir fjölfötluð börn í Kanada. Nú er táknmálið notað í u.þ.b. 60 löndum.



Iðjubjálfun- Bliss.

Til að Blisstáknmálið megi koma einstaklingnum að sem mestum notum þurfa flestir þeir sem umgangast hann að kunna það og nota. Teymisvinna er því mikilvæg hér sem oftast.

Iðjubjálfar koma gjarnan inn í myndina í sambandi við tvo þætti: Aðlögun að einstaklingunum og tæknileg hjálpatæki.

Aðlögun : tekur mið af

- einstaklingnum, þroskastigi hans og aldri, hreyfiproska, sjón o.s.frv.
- umhverfinu, -í hvaða formi þurfa tjáskipti hans og umhverfisins að vera.
- markmiðinu hverju sinni, á Blissið t.d. að koma í staðinn fyrir talað mál, eða á að nota það samhliða töluðu máli.

Aðlögun skiptir sérlega miklu máli hjá fjölfötluðum s.s. börnum með cerebral parese, en þau eru sem fyrr sagði stærsti hluti Blissnotenda. Þarna koma einnig inn í þættir eins og hvernig er hentugast fyrir barnið að benda á táknin, hentug vinnustelling (setstaða) og hjálpatæki þar að lútandi.

Tæknileg hjálpartæki.

Rofi - Vélrænn/rafknúinn útbúnaður - Útkoma

Val á rofa er mikilvægt og oft mjög erfitt viðureignar. Þá er nauðsynlegt að iðjuþjálfar þekki til þess raferindaútbúnaðar, sem til er á markaðnum og setji sig nokkuð inn í hvernig hann virkar. Útkoman getur svo verið mismunandi (ljós-/leitunartöflur, hljóðmerki, skrift), allt eftir því um hvaða tæki er að ræða.

Þeir þættir sem ákvarða val á tjáskiptatæki eru í raun þeir sömu og við verðum að hafa í huga við aðlögunina, þ.e.a.s.,

- a) hæfni einstaklingsins, greindafar, skynjun, hreyfifærni.
- b) eiginleikar hjálpartækisins, er það sterkt? færánlegt? Hvað með viðgerðar/varahlutabjónustu?
- c) Markmiðið á að nota tækið í skólanum/heima? Á það að virka í hóp, eða fyrir tjáskipti tveggja, við kennslu o.s.frv.

Blissbankinn.

Blissbankinn er staðsettur í Kjarvalshúsi. Þar er til nokkuð af kennslugögnum og hjálpartækjum, en þau hafa flest verið keypt fyrir peningagjöf frá Lionsklúbnum Tý á Seltjarnnesi.

Hugmyndin með bankanum er sú, að þar geti fólk fengið lánuð hjálpartæki til prófunar fyrir skjólstæðinga sína og fundið þannig út hvað hentar hverjum og einum..

Hægt er að ná í starfsmann Blissbankans í síma 26260 kl 8³⁰-9³⁰ alla virka daga.

Í Blissbankanum eru til eftirtalin tæki/hlutir:

- 100 tákna ljósatafla (Gewa)
- 16 tákna ljósatafla (Gewa)
- 5 tákna sérsmíðað ljósatæki
- vísatafla
- hjálmur með höfuðpínum
- höfuðljós til að festa á hjálma
- uppblásanlegir höfuðpúðar (Camp)
- augnrammar úr plexigleri
- augnrammar úr tré.

Kennslugögn:

- frímerki með táknum, mismunandi stærðir
- táknspjöld, mismunandi stærðir
- skapalón
- Blissorðabók, dönsk og sænsk útgáfa
- sýnishorn af bókum og spilum með Blissstáknum.

Ekki hefur reynst unnt að hafa nægilegt magn af kennslugögnum á lager til að geta sinnt eftirspurn, heldur verður fólk óft að panta kennslu efni fyrir skjólstæðinga sína að utan (Svíþjóð/Danmörk).

Í íslenska Blisshöpnum eru eftirtaldir aðilar:

Gyða Bárðardóttir
Hrefna Þórarinsdóttir
Ingibjörg Símonardóttir
Sigrún Grendal Magnúsdóttir
Snæfríður Þóra Egilson

Tölvur og samskipti fólks

Geta tölvur komið að einhverju gagni til þess að auðvelda samskipti einstaklinga við umhverfi sitt? Er það hugsanlegt að tölvur geti auðveldað mannleg samskipti. Í hugum sumra er svarið neikvætt vegna þess að tölvur eru vélar, heldur framandi og allt að því ógnvekjandi. Þótt margt misjafnt megi segja um tæknivæðingu, þá hefur hún gerbylt samskiptum okkar og auðveldað okkur til muna að skiptast á skoðunum og hugmyndum. Nægir að nefna síma, útvarp og sjónvarp, sem dæmi. Sá sem hefur aðgang að þessum tækjum getur verið í furðu góðu sambandi við umheim sinn, jafnvel þótt hann eigi óhægt með að færa sig úr stað. Með skynsamlegri nýtingu tölva má efla verulega þennan tæknivædda tengilið milli einstaklings og umhverfis hans. Slík tengsl geta komið öllum að gagni, en ég mun takmarka mína umfjöllun við þá sem eiga við einhverja augljósa fötlun að stríða. Ég nefni dæmi, sem varða þá, sem erfitt eiga með nákvæmar hreyfingar, sjónskerta og heyrnardaufa.

Það sem gerir tölvur svo sérstakar og svo almennt umræðuefni - gerir þær nánast að einkenni nútíma þjóðfélags, - er sveigjanleiki þeirra. Ef við höfum tölvu, sem er auðvitað bara eitt ákveðið tæki, getum við samt sem áður notað það á marga mismunandi vegu. Til bókhalds, leikja, vélritunar eða náms svo dæmi séu tekin. Fjölmörg dæmi mætti nefna til viðbótar. En þetta þýðir að hugsanlegt er að láta tölvuna gera það sem okkur sýnist, ef við kunnum að stjórna henni. Til þessa þarf að vísu oft nokkra sérfræði, en aðalatriðið er, að hægt er að laga hana að því verki sem við kjósum að vinna hvert sinn, t.d. að láta stjórn fatlaðs einstaklings. En hvaða gagn hefur hann af því að stjórna tölvu? Nú er orðið ritvinnsla oft nefnt, en þar er átt við að tölva sé notuð til þess að vinna með ritað mál. Textinn er skrifaður eins og gert er þegar vélritað er, en síðan má geyma hann í tölvunni. Einkar auðvelt er að leiðrétta villur, bæta inn í setningum og breyta. Þetta þýðir t.d., að sé verið að vinna að sendibréfi eða ritgerð eða e.t.v. bara einni setningu, má gera það smám saman. Það er auðvelt að hætta í miðju verki og halda áfram þar sem frá var horfið, bæta inn í og leiðrétta. Þetta er ekki bara mikilsvert fyrir þá sem, vinna við slíka hluti heldur fyrir alla þá sem þurfa á því að halda að koma skilaboðum til annarra, koma hugsun sinni á framfæri. Ritvinnsla er angi af þeirri byltingu sem tölvan býður upp á hvað varðar mennleg samskipti fyrir alla þá sem eiga erfitt með slík samskipti vegna fötlunar af einhverju tagi. Hér er hægt að taka mið af því á hvern hátt hver einstaklingur kemst í samband við tölvuna og þarf þá að taka tillit til fötlunar hvers og eins. Sérstakan bóknað þarf að útvega (og hann er þegar fasanlegur) fyrir þá sem eiga erfitt með fínar hreyfingar. Þetta verður til þess að jafnvel þeir sem ráða einungis við einföldustu merki, t.d. eitt eða tvö hljóð, eða grófan handslátt geta unnið alveg jafn flókin verk og þeir sem eru alsendis ófatlaðir í

venjulegri merkingu þess orðs. Heyrnardaufr þurfa almennt ekki sérstakan bóknað, en blindir þurfa auðvitað sérstök lestaki, sem þeir styðjast við í stað tölvuskjásins. Til viðbótar beinni vinnu með texta, þá auðveldar tölvun líka miðlun textans og getur gert hann aðgengilegri en ef einungis væri um venjulega vélritun að ræða. Hægt er að velja um hvort efnið er birt á skjá eða prentað á prentara eða jafnvel sent gegnum símalínur til annarra tölva en það er nú orðið tiltölulega auðvelt. Það sem hér hefur verið nefnt geta vissulega allir nýtt sér en það hlýtur að vera augljóst að þetta auðveldar mörgum fötludum verulega samskipti við annað fólk. Ritvinnsla er vitaskuld bara eitt dæmi, en ef tryggð er þægileg stjórna no'andans á tölvunni opnast við þetta margar dyr. Snúum okkur aðeins aftur að þeirri hlið málsins. Hvernig verður það best gert? Hvað varðar grófar hreyfingar, er nú hægt að sjá til þess, að með tilteknum millilið (t.d. Possum ljósabordi) er hægt að velja hvaða tákn lyklabords venjulegrar rítvélar, sem er, með einni hreyfingu. Raunar er hægt að búa til slíkt tengitaki fyrir hvern og einn eftir því hve fínur hreyfingum hann ræður yfir. Blindur hentar sérstakur snertibúnaður til þess að geta lesið blindraletur eða önnur merki og með tölvunni er hægt að stjórna hve hratt hið ritaða mál er sent til þessa búnaðar, þannig að hver og einn getur þannig stjórnað lestrarhraða sínum. Á sviðaðan hátt geta sjónskertir stillt stærð texta á skjá og einnig því hve hratt hann birtist. (Þessi texti er unninn við tölvu á þennan hátt og ef blindur maður hefði þann búnað sem hér er rætt um, væri hægt að færa textann yfir á hans tölvu. Textann væri síðan hægt að lesa án sérstakra tilfæringa.) Einnig er unnið að búnaði til þess að breyta texta yfir í hljóð, (sem líkjast töluðu máli), þannig að tölvun gæti raunar lesið upphátt þann texta sem hún geymir hvort sem það er manns eigið efni, skilaboð frá einhverjum eða jafnvel bókartexti, geymdur í minni tölvunnar. Fyrir heyrnarskerta þá yrði tölvuskjárinn nú mikilvægt vinnutaki, á hann mætti skrifa það sem annars væri t.d. talað í síma eða skilað munnlega, jafnvel gætu fundir í auknum máli orðið skriflegir á þennan hátt. Enda þótt ritvinnsla hafi verið nefnd hér að ofan, sem aðgengilegust og gagnlegust fyrsta kastíð, tel ég augljóst, að allir þessir hópar geta notað tölvur á ótal vegu til þessa að efla tengsl sín við umhverfið. Tölvuna má tengja heimilistækjum (t.d. útvarpi, sjónvarpi, lýsingu o.fl.). Hún nýtist í auknum máli til náms og sá búnaður sem hér hefur verið dregið á ætti að verða til þess að fatlaðir þurfi í minna máli en áður að reiða sig á sérstaklega unnið efni, en geta í auknum máli notað baint það, sem unnið er fyrir almennan markað.

Eru 2 af hverjum 3 starfsmönnum frá vinnu af völdum bakverks?



Sú var raunin í Danmörku. Röng seta við vinnu veldur bakverk. Því fól stærsti stólaframleiðandi Norðurlanda hönnuðinum fræga Jacob Jensen og Vibeke Leschly (ergonomist) að leita lausnar á vandanum.

Útkoman var Labomatic stólarinn. Stólarinn sem setja líkamann í réttar stellingar við vinnu. Þú situr rétt og líkurnar á bakverk því hverfandi.

Skiptu um stóla, þeir borga sig í auknum afköstum og betri líðan.



**KRISTJÁN
SIGGEIRSSON HF.**
LAUGAVEGI 13. SIMI 25870



22

GÖNGUGRIND FYRIR 6-15 ÁRA MED
HANDFÖNGUM OG BREMSUM EÐA
BRJÓSTPÚÐA Í HÆÐ 64-92 CM.



GÖNGUGRIND FYRIR 3-7 ÁRA MED
BRJÓSTPÚÐA EÐA HANDFÖNGUM Í
HÆÐ 49-65 CM.



GÖNGUGRIND FYRIR 2-7 ÁRA MED
LEIKFANGAÞOKA.



PENNAN EINFALDA HJÓLASTÓL ER
HÆGT AÐ FÁ Í TVEIM STÆRÐUM
FYRIR 6-12 ÁRA.
HJÓLASTÆRÐIR 35-42 CM.



ÞESSI STÓLL ER Æ
ÓSTÖÐUGUR BÖRN
HONUM ER HÆGT AÐ
AÐVELDA ÆSKILEGA
STÆRRI HJÓLIN GETA
ER VERIÐ AÐ FRAMAN E



STOÐ tækjasmíðin
 hf 91-52885
 TRÖNUHRAUN 6 - BOX 409
 IS 222 HAFNARFJÖRDUR




BRIO REHAB


STOÐ HF. ER SÖLU- OG ÞJÓNUSTUADILI SÆNSKA FYRIRTÆKISINS BRIO REHAB SEM FRAMLEIÐIR ALLSKYNS HJÁLPARTÆKI FYRIR BÖRN OG UNGLINGA. HÉR ERU NOKKUR SÝNISHORN AF FRAMLEIÐSLU ÞESS SEM VERÐA, ÁSAMT FLEIRI TIL SÝNIS OG MÁTUNAR HJÁ OKKUR AÐ TRÖNUHRAUNI 6, HAFNARFIRÐI.

TLAÐUR
 UM OG MEÐ
 FÁ PÚÐA SEM
 SETSTÖÐU.
 HVORT SEM
 DA AFTAN.

PENNAN STÓL ER HÆGT AÐ FÁ Í
 PREM STÆRÐUM FYRIR 2-15 ÁRA OG
 MEÐ ÝMSUM FYLGJHLUTUM.
 HJÓLASTÆRÐIR 42-50 CM.



LEIKVAGN FYRIR ÞAU YNGRI, SEM
 HAFNA STYRK Í HANDLEGGJUNUM.
 HJÓLASTÆRÐ 24 CM.



Sigurður Sigurðsson
tæknifræðingur

Tjáskipta- og umhverfisstjórnunartæki

Greinarhöfundur er Sigurður Sigurðsson, byggingatæknifræðingur. Stoðnaði hjálpartækjaverslunina VELA árið 1982 og annast rekstur hennar ásamt fjölskyldu.

INNGANGUR

Með ört vaxandi þróun rafeindatækja hefur verið þróað úrval af raf-tækjabúnaði fyrir fatlaða. Þar er helst að nefna margar gerðir tjáskiptatækja en einnig umhverfisstjórnunartæki. Einnig eru til tæki, sem eru hvort tveggja í senn. Til þess að hinn fatlaði geti komist í samband við tækjabúnaðinn hefur einnig komið á markaðinn geysilegt úrval af rofabúnaði. Ef rofi fyrir ákveðna fötlun er ekki til sem lagervara er yfirleitt hægt að fá rofann sérsmíðaðan. Rofi er hvers konar búnaður, sem getur rofið strámrás, t.d. takkar, hljóðnemar, blásturspípur, snertirofar o.fl.

TJÁSKIPTATÆKI OG UMHVERFISSTJÓRNUNARTÆKI FRÁ POSSUM CONTROLS LTD.

Algengustu tjáskiptatækin hafa verið ýmiss konar ljósatöflur (scanners), þar sem stafir, orð, táknmynd (Bliss tákn) eða myndir eru staðsett í reitum. Fjöldi reita á töflu getur verið frá fjórum upp í hundrað. Notandinn ýtir á rofa og við það ferðast ljós eftir töflunni og er það látið stöðvast við það tákn, sem notandinn vill velja til þess að tjá sig. Næsta skref í þessum tækjum er þegar notandinn getur safnað stöfum í orð og geymt í minni í töflunni. Sumar töflur hafa úrval orða þannig að hver reitur á töflunni inniheldur 2 til 3 orð auk stafs. Þá er ljósatöflunni skipt í 4 hæðir A,B,C,D og velur notandinn því fyrst hæð (A,B,C,D) og síðan reitinn. Til að bæta þetta enn meir eru heilu setningarnar skammtaafaðar í reitina. Sumar ljósatöflur geyma allt að þúsund orð eða stafi. Notandinn getur þá undirbúið sig fyrir viðtal og látið ljósatöfluna prenta út setninguna, þegar viðtalið fer fram. Einnig er unnt að láta ljósatöfluna senda boð í gegnum hátalara og tala út setninguna. Þessi búnaður er ekki enn til á íslensku. Ef slíkar ljósatöflur eru notaðar til þjálfunar eða kennslu er unnt að fá tæki, þar sem kennarinn ákveður í hvaða röð ljósin ferðast um töfluna. Slík ljósaröð er þá valin með tilliti til þeirra glæra og tákna, sem lögð eru á töfluna. Á BASIC-SKILL tækinu eru tvær töflur, sem ýmist má hafa 4 eða 16 reita. Kennarinn forritar vinstri töfluna. Taflan flytur ljósið sjálfkrafa milli tákna og nemandinn líkir eftir þeirri röð á nægri töflunni. Tækið telur fjölda rangra svara, sem kennari skráir í sínar skýrslur.

Umhverfisstjórnunartækin eru:

1. P.S.U3, sem stjórnar þróaðust öllum helstu raf-tækjum, útidrym og ljósum.
2. P.S.U2, sem stjórnar raf-tækjum með raflínu, en unnt er að flytja stjórnborð með sér um húsnæðið.
3. A.I.D. sem er sérútfærður dyrasími fyrir fatlaða með neyðarþjöllu.

TJÁSKIPTA- OG UMHVERFISSTJÓRNUNARTÆKI FRÁ SYNAPS ELECTRONIC APS

Önnur tækni við tjáskipti er HEIDI, tjáskipta- og umhverfisstjórnunartæki. Á ljósaborðinu eru 10 litlar ljósaperur, sem notandinn getur kveikt að vild með rofabúnað. Við hlið ljósanna er síðan líndur miði með skilaboðum því sem notandinn vill koma á framfæri. Hægt er að kveikja 2,3,5 eða 10 ljós í röð eftir því hvernig tækið er stillt. Með tvöföldu litakerfi er unnt að tjá sig með um hundrað orðum. Með HEIDI tækinu er einnig unnt að stjórna 10 raftækjum eða ljósum í umhverfi notandans. HEIDI tækið má festast hjólastól. Önnur tjáskiptatæki frá Synaps eru:

1. HM 402 tveggja ljósa fyrir já/nei.
2. HM 405 Mini tjáskiptatæki. Fimm ljósa en er einnig útbúin til þess að stjórna tölvu.
3. HM 410 Mini/Maxi tjáskiptatæki, sem hefur tíu ljós, en að auki möguleika á að stjórna tölvum.

Hér að ofan hefur eingöngu verið minnst á tjáskiptatæki, sem eru lítil og handhæg og hafa því takmarkaða getu.

TÖLVUTÆKNIN

Sú tækni, sem er óðum að ryðja sér til rúms er tölvutæknin. Þar er um að ræða tölvu með öllum búnaði t.d. prentara með sjálfvirkum matara á pappir, diskadrif með mikla möguleika á geymslu texta. Þær tölvur, sem mest hafa verið notaðar í þeim tilgangi að fatlaðir hefðu not af þeim er BBC-B, Apple II+, Apple IIe og Apple IIc. Einnig Sinclair ZX Spectrum. Unnt er að fá Scannera og stórt takkaborð fyrir allar þessar gerðir, nema Apple IIc og Apple IIe. Seinna á þessu ári kemur búnaður fyrir Apple IIe. Vegna þess hve þróun er ör í tölvutækni hafa fyrirtæki, sem þróa búnað fyrir fatlaða, orðið fyrir aföllum. Tölvurnar hafa orðið úreltar á þeim tíma, sem verið er að þróa búnaðinn og því ekki unnt að selja hin nýju tæki. Bretar hafa af sinni alkunnu íhaldsemi mætt þessu með því að halda BBC-B tölvunni óbreyttri að grunni til, en selja síðan sem aukabúnað þau tæki, sem koma á markaðinn með nýrri þróun. Þannig vex gamla tölvan með notandanum. Hjá Apple ganga sömu forritin á allar gerðirnar, en ekki hjálparbúnaðurinn. Með því að nota Scanner, sem getur stjórnað BBC-B, Apple II eða Sinclair tölvu getur hinn fatlaði valið stafi á tölvuskerminn á sama hátt og heilbrigðir ýta á takkaborð tölvunnar. Á flestar tölvur er unnt að fá íslensk ritvinnsluforrit, sem eru með íslenska stafrófinu og prentara, sem prentar það út. Þannig getur fatlaður maður notað margskonar rofabúnað til þess að velja stafi á ljósatöflu (scanner). Stafirnir prentast sjálfkrafa á skerminn og mynda setningar og orð, þannig er bæði unnt að nota tölvuna, sem tjáskiptatæki og einnig textavinnslutæki fyrir þá sem eru fatlaðir en vilja rita bréf eða vinna verkefni.

FORRIT

Mikið er til erlendis af forritum fyrir BBC og Apple tölvur til þess að auðvelda fötluðum að rita texta. Má þar nefna enskt forrit Quasar (BBC-B) og danskt-amerískt forrit MAC-Apple fyrir Apple II. Quasar forritið sýnir notandanum allt stafrófið á tölvuskjánum. Með því að ýta þrisvar á takka getur notandinn valið staf í orð og setningu og prentað síðan hverja línu á prentara jafn óðum. MAC-Apple forritið birtir einnig stafrófið á skjánum og þarf einnig að ýta þrisvar til þess að velja staf. Hægt er að komast í orðabanka í forritinu og einnig er unnt að láta forritið teikna myndir. Þessi forrit eru ekki enn til á íslensku, en MAC-Apple gæti nýst sem þjálf-

unarforrit. Finnig er möguleiki á því að unnt sé að breyta MAC-Apple fyrir íslenskt mál. Fyrir þá sem hafa eingöngu líkamlega fötlun en ekki andlega skerðingu virðist besti kosturinn að nota ljósatöflu (scanner) fyrir BBC eða Apple IIe. Notandinn getur þá notað sömu forrit og heilbrigðir t.d. ritvinnslu, töflureiknir, skákforrit, leiki, spjaldskrárforrit, bókhaldsforrit o.fl. Einnig getur notandinn þá hringt út í bæ í tölvubanka eða hringt í annan notanda og skiptst á texta eða forritum.

ROFAR

Að lokum vil ég minnast aðeins á þann rofabúnað, sem unnt er að fá. POSSUM Controls framleiða flestar hefðbundnar gerðir af rofum fyrir fatlaða auk þess sem þeir sérsmíða eftir óskum hvers og eins. Einn merkasti rofinn frá POSSUM er áttfalldi rofinn. Með því að velja númer á línu og síðan númer á dálk velur notandinn þann staf eða tákn, þar sem lína og dálkur skerast. Þetta eykur hraða notandans geysilega. Ekki þarf að bíða eftir að ljósið færist á rétta stafinn. Þessa rofa má fá bæði fyrir hendur og fætur. Í framtíðinni er vonast til að hægt verði að fá áttfalda snertirofa. Það nýjasta í þessari tækni er cif rofinn frá Synaps Electronic. Þar má nota eftirfarandi aðgerðir til þess að gefa samband.

1. Snerting
2. Frýstirofi (hnappur-plata)
3. Hljóð (hljóðnemi)
4. Ljós (fótósella)
5. Hiti
6. Blása í eða sjúga rör
7. Segull
8. Hátíðnihljóð
9. Öndun (andað í hljóðnema)


Hljóðnema má stilla þannig að auka hljóð trufla ekki. Hljóðnema má festa við háls sjúklings og nema barkahljóð eða hengja hljóðnema á vegg í herbergi. Sjónvarp, útvarp eða mannamál trufla ekki. Snertirofinn er stillanlegur þannig að ekki er nauðsynlegt að strjúka rofan heldur getur hann gefið samband þótt hendi eða skinn sé í 10 - 15 sm fjarlægð frá rofanum. Aukahreyfingar sjúklings hafa ekki áhrif.

LOKAORD

Hér hefur verið dregið á það helsta, sem unnt er að fá af búnaði til tjáskipta og umhverfisstjórnunar hér á landi. Erlendis er unnt að fá mun meira úrval af forritum enda slík þróunarvinna unnin fyrir miljónabjórðir. Það er vonandi að í framtíðinni fái fatlaðir, sem flest tækifæri til þess að lifa við góðan aðbúnað og njóta menntunar eins og aðrir.

Að lokum vil ég þakka Iðjubjálfarafélaginu fyrir að birta þessa grein í Bláðinu.

NYTT Á ÍSLANDI:
Lattoflex RÚM





smáningur
á milli
á milli
á milli


Hvernig þú gætir heilsu þinnar meðan þú sefur.

Líðan og heilsa hvíla á rúminu. Lattoflex er lausn.

Bakið þarf góða hvíld í réttu stöðu. Annars fær brjóskið milli hryggjاليðanna ekki nauðsynlega endurnæringu. Stíðleiki og bakverkur er þá yfirvofandi.



Í svefni á bakið helst að hvíla í sömu stöðu og þegar menn standa uppréttir. Og vera beint þegar legið er á hlið. Lattoflex rúmbotninn er sérhannaður í því skyni að tryggja rétta hvíldarstöðu í mismunandi stellingum. Hann er gerður úr trérimum með gúmmíffjöðrun og lagar sig að sveigju líkamans.




Lattoflex dýnan er uppbyggð í einingum og fylgir sveigjunni í rúmbotninum. Innri og ytri gerð hennar veldur því að loftið leikur þægilega um þann sem á dýnunni hvílir.

Hægt er að fá rúmgerðir með stillanlegri höfuðhæð. Auk þess má lyfta þeim hluta sem er til fóta.

Lattoflex gefur eftir svo að axlarými verður meira og æskileg slökun næst á taugum og axlavöðvum.

Lattoflex er árangur af tilraunastarfi svissneskra lækna og vísindamanna. Rúmin sem við seljum eru frá þekktu finnsku fyrirtæki, samkv. einkaleyfi.



Lattoflex Geleamat er gerð sem er sérstaklega ætluð sjúklingum. Hægt er að stilla það rúmliggjandi. Þessi gerð léttir langlegusjúklingum lífið. Einnig þeim sem eru veikir fyrir hjarta eða í brjósti.

Hringið, — eða lítið við í versluninni. — Fálið bækling.

lattoflex
Einkumboð á Íslandi

Pétur Snæland hf

Sími 84161

Bókakynning

REALITY ORIENTATION

Psychological approaches to the "confused" elderly.

Churchill Livingstone, 1. útgáfa 1982, endurprentuð '83 og '84 eftir Una P. Holden og Robert T. Woods. Pappírskilja, 283 blaðs. Verð ca. 20 dollara.

Reality Orientation (RO) eða raunveruleikaglöggvun er tjáskiptaaðferð sem notuð er í umgengni og endurhæfingu aldraðs fólks með langvinna heilabilun (dementiu). Mörg rit hafa verið gefin út um RO síðan 1958, þegar James Folsom fyrst skipulagði þessa meðferðar-áætlun, en þetta er fyrsta bókin sem eingöngu er helguð þessu efni.

Fyrri hluti bókarinnar lýsir kenningunni á bak við RO og seinni hluti bókarinnar lýsir RO í framkvæmd. Aftast eru þrjú spurningapróf, sem notuð eru til að meta áttun og einbeitni. Einnig er ýtarlegur heimildalisti.

Bókin er mjög vel skipulögð og er auðvelt að fá yfirlit yfir innihaldið. Hún er skrifuð á mjög aðgengilegri ensku. Það er ekki nauðsynlegt að lesa bókina spjaldanna á milli, heldur er hægt að fara beint í þá kafla sem viðkomandi hefur mestan áhuga á. Hún er mjög góð undirstaða ef viðkomandi ætlar að setja á laggirnar RO-program á öldrunarlækingadeild á þverfaglegum grundvelli, en einnig er hún upplögð sem uppsláttarrit fyrir iðjuþjálfara í daglegu starfi.

Rithöfundarnir eru sérfræðingar í taugasálfræði og klíniskri sálarfræði og er bókin ætluð hjúkrunarfræðingum, iðjuþjálfum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum og læknum, sem vinna með "rugluðum" gamalmönnum og er annt um þau.

Anne Grethe.


STARFSTELLINGAR OG VINNUTÆKNI

Vor 85 var gefinn út bæklingur um starfstellingar og vinnutækni eftir Björk Pálsdóttur iðjuþjálfara. Fjallar hann um uppbyggingu og starfsemi líkamans og líkamsbeitingu við mismunandi vinnu. Einnig eru stóllum, borðum, rúmum o.fl. gerð nánari skil.

Bæklingurinn, sem er rúmlega 20 síður í A-5 broti, er ætlaður fyrir almenn-ing. Hægt er að nálgast bækling hjá undirritaðri.

Björk Pálsdóttir

Starfstellingar og vinnutækni



Björk Pálsdóttir iðjuþjálfari

Lausar stöður

Borgarspítalinn

- 2- Vefrænar deildir (önnur frá 1.maí-31.des.)
- 2- Geðdeild
- 1- Arnarholt
- 1- Dagdeild Eiríksgrötu (geðd)

Landspítalinn

- 4- Geðdeild
- 2- Endurhæfingadeild -yfiriðjuþjálfari
-iðjuþjálfari
- 1- Öldrunardeild (frá 1.júní)
(einnig vantar sumarafleysingu)

Hlíðaskóli

- 1- 50% staða deildariðjuþjálfara

Kleppsspítalinn

- 8- þar af 1-2 stöður á dagdeild

Breiðagerðisskóli

- 1- 20% staða deildariðjuþjálfara

Dalbraut

- 1- Barnageðdeild

Tjaldanes

- $\frac{1}{2}$ til 1 staða

Félagsmálastofnun

- áfangastaður Norðurbrún 34, Rvk.

Kópavogshæli

- 2- stöður

Hrafnista

- 1- staða

Múlabær

- 1- staða

Droplaugarstaðir

- 1- 70% staða

Heilsugæslustöðin á Egilsstöðum

- $\frac{1}{2}$ staða

Auk þess hafa eftirtaldir stofnanir sýnt áhuga, á að fá iðjuþjálfara til starfa:

ÖSKJUHÍÐARSKÓLI

KÖRVALSHÉIS

Neyðarástand á Landspítala

Viljum við sjá iðjubjálfun leggjast niður á Landspítalanum?

Þegar Ann hætti í byrjun febrúar var enginn iðjubjálfi starfandi við Landspítalann, en einn aðstoðarmaður iðjubjálfa. Stöðugildi eru nú 1 yfiriðjubjálfi, 1 almennur iðjubjálfi og 2 aðstoðarmenn. Anne Grethe samdi við Endurhæfingardeild Landspítalans um lán á stöðugildi fyrir Öldrunarlækningadeild gegn takmarkaðri þjónustu við Landspítalann. Nú í 2 mánuði höfum við undirritaðar sinnt um 50% starfi við Landspítalann.

Sjúklingar sem komið hafa eru margir frá G14, þar sem gigtar-sjúklingar eru í meirihluta og því mikið um spelkugerð og útvegum og leiðbeiningar um notkun á hjálpartækjum. Liðvernd hafa sjúkrapjálfarar séð um að einhverju leyti nú um nokkurt skeið. Frá öðrum Lyflækningadeildum, Endurhæfingardeild, Handlækningadeild og Bæklunarlækningadeild hafa komið beiðnir um ADL-mat og þjálfun, heimilisathuganir, hjálpartæki og æfingameðferð. ADL-þjálfun hefur aðstoðarmaður fylgt eftir ef þörf krefur. Aðstoðarmaður sér um alla virkni.


Ánægjuleg tilbreyting hefur verið að vinna á Landspítalanum og samstarf við sjúkrabjálfa og deildir hefur verið gott og ánægja með þá takmörkuðu þjónustu sem við höfum veitt. Eins og flestir vita er húsnæði iðjubjálfadeildar Landspítalans ekki eins og best væri á kosið, en tækjakostur er góður og býður upp á ýmsa meðferðarmöguleika. Talsverð vinna fer einnig fram á deildunum.

Ef iðjubjálfar væru þarna í fullu starfi væri mun meira leitað til þeirra, þó er nóg að gera núna. Að koma tvisvar sinnum í viku er engin lausn á vandamálinu og sinnum við einungis bráðþjónustu. Báðar erum við á förum innan skamms, en svo virðist sem eina leiðin til að fá betrubætur á húsnæði sé að íslenskir iðjubjálfar fáist til starfa á Landspítalanum sem allra fyrst.

Eva Vænglund, iðjubjálfi.
Rósa Hauksdóttir, iðjubjálfi.

Nýtt á Íslandi

Sérhannaður fatnaður fyrir eldra fólk og hreyfihamlað.



Föt – hagnýt, til daglegra nota – hégómleg og fín, til hátíðabrigða – hlý, í frost og kulda – þunn og létt, fyrir sumarið.

Öll eru þau mikilvægur þáttur í lífi þínu. Þau endurspeгла persónuleika þinn. Þau geta verið vísbending um hvernig skapi þú ert í.

Yfirhafnir: Slár í ull, poplín og einnig dúnstoppað. Buxur og kjólar. Taustígvél fyrir kalda fætur. Hjólastólapokar. Íþróttafatnaður o. fl.

Í 7 ár hafa þrjú fyrirtæki í Svíþjóð framleitt sérhannaðan fatnað fyrir eldra fólk og hreyfihamlað.

Samráð er haft við Lars Wernerson lækni og vistfólk á Langlegu- og endurhæfingadeild á sjúkrahúsinu í Kalmar.

Það er ánægjulegt að geta nú boðið þennan fatnað á Íslandi.

Kolbrún Sæmundsdóttir

Póstverslun – Meistaravöllum 17 107 Reykjavík Sími 2 79 24

FÉLAGSSTARFSEMI

FRÁ STJÓRN

Ársskýrsla Iðjupjálfafélags Íslands 20 mars 1985.

Hér á landi eru nú 35 iðjupjálfar, 8 fleiri en fyrir ári síðan. Tuttugu og tveir eru í námi erlendis og tókum við æ fleiri nema í verklegt nám hér heima. 11 íslenskir iðjupjálfar búa og starfa erlendis. Á árinu voru haldnir hjá Iðjupjálfafélagi Íslands 13 stjórnfundir, 12 félagsfundir og ca. 70 nefndarfundir. Sem sagt sumar nefndir hafa verið ótrúlega aktívur t.d. launanefnd og trygginganefnd hafa haldið 30 fundi hvor. BLAÐ-IÐ heldur áfram tvisvar á ári og er nú gefið út með hagnaði. Fleiri aðilar hafa gerst áskrifendur t.d. flestar Svæðisstjórnir og nokkur sjúkrahús.

Eftir margra ára vangaveltur og undirbúning hefur I.Í. skipt um verkalfélag og gerst aðildarfélagi í BHM. Vonum við að þetta bæði bæti kjör okkar iðjupjálfa og viðhorf allra til iðjupjálfunar sem háskólamenntaðrar stéttar. M.a. gerið BHM reglulega könnun á atvinnuhorfum og skólamálum og við vonum að bandalagið geti aðstoðað okkur í sambandi við vantanlega stofnun námsbrautar í iðjupjálfun við H.Í.

Eftir mörg ár þar sem krafti okkar var aðalega beint að kynningu á iðjupjálfun út á við, tókum við ákvörðun um að reyna að beita okkur fyrir öflugri viðhaldsmenntun og fræðslustarfsemi fyrir okkur sjálf. Þannig höfum við haft 9 fyrirlestra eða kynningar í ár og stefnum að enn frekari fræðslu á næstunni, stjórnad bæði af okkur og erlendum iðjupjálfum t.d. í sumar kemur Antje Price til að halda Sensory Integration námskeið, sennilega einhver sérhæfur iðjupjálfi frá Rolyan (spelkuefnaframleiðandi) með námskeið í speldugerð, og kennari frá New York University iðjupjálfaskóla sem heldur fyrirlestur um barna-iðjupjálfun. Á dagskrá er að halda í ár námskeið í mörul aðferð, leikrænni tjáningu, dans/músik terapi, ergonomi o.fl. í samban í við aukna fræðsluætlun okkar, höfum við fengið þann stuðning frá bandaríska iðjupjálfafélaginu (AOTA) að fá lánaðar þrjár fræðslukvikmyndir þeirra á ári ókeypis. Og við höfum nýlega fengið ellitu upplýsinga-þekkinga þeirra (35 stk) um uppbyggingu iðjupjálfunar á ýmsum sviðum. Félagar úr I.Í. tóku þátt í a.m.k. 20 ráðstefnum á árinu m.a. í Sensory Integration, öldrunarlækningu, spelkugerð, hjálpartæki, atvinnumál fatlaðra, Gestalt terapi, félagsmálalögnustu, NORPASS, rannsókn og þróun, og námsröðugleikum.

Tveir íslenskir iðjupjálfar hafa stundað rannsókn í ár:

1. Guðrún Pálmadóttir - "Samhengi milli fítlunar einstaklings og breytinga á fjölskyldulífi"
2. Rannveig Baldursdóttir - "Áhrif atvinnuleysis á heilsu fólks"

Í fyrsta skipti hefur I.Í. veitt styrk að hluta til til útgáfu tveggja bæklinga um skyn- og hreyfiproska. Hugmyndafræði bæklingurinn var skrifaður af Guðrúnu Árnadóttur og kennsluleiðbeininga bæklingurinn var skrifaður af iðjupjálfunum Björk Pálsdóttur, Guðrúnu Árnadóttur, Ingibjörgu S. Ásgeirsdóttur og kennurum Guðbjörgu Ásgeirsdóttur og Sverri Guðjónssyni. Svölurnar hafa veitt I.Í. styrk að upphæð kr. 20.000. til þess að fá Antje Price hingað til að halda S.Í. námskeiðið.

Norðrænt samstarf iðjupjálfafélaganna heldur áfram og okkar áhrif innan heimssambandsins (WFOT) vex. Nú sita tveir Norðurlanda-iðjupjálfar í stjórn WFOT og stöndum við saman þar t.d. varðandi Suður Afríku málið.

Afulltrúðingir heimssambandsins í ágúst síðastliðnum á Nýja Sjálandi voru ákveðið með 19 atkvæðum á móti engu að leyfa Íslandi að vera fullgildur meðlimur þó við höfum ekki skóla í dag. Þetta er stór sigur fyrir okkur í WFOT eftir rómlega fjögurra ára baráttu. Ákveðið var að viðurkenna samninga okkar við hin Norðurlöndin sem "menntunar-áætlun" og þannig uppfyllum við öll skilyrði til að verða fullgildur aðili með atkvæðisrétt.

Nú á Alþingi Íslands liggur fyrir þingsályktunartillaga varðandi aukiból áttak um iðju- og sjúkrabjálfun í heilsugæslustöðvum og skólum. Hefur Helgi Seljan alþingismaður samið tillöguna og í.í. mælt eindregið með henni. Við notuðum tækifærið til að mæla með að námsbraut í iðjubjálfun við H.í. yrði komið á lagginnar sem fyrst.

Á árinu störfuðu fjórar nefndir innan í.í. fyrir utan stjórnsæfnad:

-launanefnd, -trygginganefnd, -bláðanefnd, -skólanefnd.

Eins og ljóst er á þessu yfirliti frá liðnu ári, höfum við verið dugleg í ári, en enn bíður okkar mikill óþægðir verkefnaakur framundan og þurfa allir að leggja hönd á plöginu í baráttunni fyrir betri kjörum, samningum við Tryggingastofnun Ríkisins og stofnun skóla.

LAUNANEFND

Nefndarmenn: Björk Pálsdóttir, Elín Ebba Ásmundsdóttir, Ingibjörg Jónsdóttir og Snæfríður Egilson.

Á aðalfundi BHM í nóv.84 varð íí aðildarfélag að BHM. Í framhaldi af því skiluðum við kröfu félagsins vegna lausra samninga 1.mars í ári. Eins og kunnugt er fóru kjaramál BHMR fyrir kjaradóm. í apríl skilaði kjaradómur niðurstöðum og fengum við tvö ný stöðuheiti auk annarra ákvæða s.s. viðbótarmenntun til launaflokkshækkunar og ákvæði um námsleyfi. í aðalkjarasamningi varð launataflan endurskoðuð og breytt. Röðun iðjubjálfa í launaflokka er eftir kjaradóm svohljóðandi: iðjubjálfi 1 133 launaf. (24.846.- 3.prep), iðjubjálfi 2 134 launaf. (25.592.- 3.prep), deildariðjubjálfi 135 launaf. (26.360.- 3.prep), yfiriðjubjálfi 1 136 launaf. (27.150.- 3.prep), yfiriðjubjálfi 2 137 launaf. (27.965.- 3.prep).

Starfsaldurshækkunir breyttust einnig í aðalkjarasamningi þ.e. hækkun eftir 1,2,3,6,9,13,18 ár. Við breytingu á launatöflu, verður starfsaldurshækkunin í þrepum en ekki um launaflokka eins og áður. Hækkun milli þrepa er 4.5%.

Kjaradómur úrskurðaði röðun sjúkrabjálfa og hjúkrunarfræðinga einum launaflokki hærra en okkur, og vinnur launanefndin í samstarfsnefnd við fjármálaráðuneytið að leiðréttingu. Launanefndin hélt félagsfund um kjaramál eftir úrskurð kjaradóms og var samningurinn dreifður til félagsmanna á Íslandi.

SKÓLANEFND

Nefndarmenn: Hope Knútsson, Ingibjörg S Ásgeirsdóttir, Kristjana Fenger, Rannveig Baldursdóttir og Guðrún Árnadóttir.

Nefndin hefur lítið starfað á árinu, einkum vegna þess að tveir nefndarmenn hafa verið önnur kafnir við störf í Trygginganefnd félagsins og var ákveðið að láta þau störf ganga fyrir. Tveir formlegir fundir voru haldnir, en auk þess safnað upplýsingum um stofnun námsbrautar við Hí. M.a. voru fengnar upplýsingar um störf nefndar þeirrar er skipuð var af Menntamálaráðherra árið 1973, til að kanna möguleika á því að stofnað yrði til menntunar sjúkra- og iðjubjálfa hér á landi, og hvernig slíku námi yrði fyrir komið. Leitað var til kennara Námsbrautar í sjúkra- bjálfun varðandi upplýsingar um stofnsetningu og byrjunarörðugleika.

Þmislegt þarf að gera áður en við förum út í að stofnsetja skóla; t.d. rökstuðningur fyrir námi hárlandis; Starfssvið iðjuþj. og líkleg störf á næstu árum; Lýsing námsefnis og kennsluþarfir; Húsnæði og tækjabúnaður; Inntökuskilyrði og fjöldi nemenda.

Félagsmenn eru sammála um þörfina fyrir skóla hér. Út frá þeirri samþykkt hefur Skólanefnd sett sér skammtíma markmið. Könnun á þörf á iðjuþjálfum hárlandis; Athuga með greiðslur fyrir handleiðslu ísl. iðjuþjálfanema sem nú eru í erlendum skólum; Skrifa til erlendu skólanna og fá „feed-back“ á handleiðslu okkar; Tilkynna menntamálaráðherra vilja okkar fyrir því að settur verði á stofn skóli.

TRYGGINGANEFND

Nefndarmenn: Anne Grøthe Hansen, Guðrún Árnadóttir, Guðrún Hafsteinsd. og Kristjana Fenger.

Eins og sagt var frá í síðasta tölublaði stóð til að samningaviðræður milli TR og IF yrðu teknar upp að nýju sl. haust þ.e.a.s. eftir sumarfrí. Af þessu varð þó ekki. Hindranir lígeja hjá T.R. Ástæður þær sem formaður samninganefndar TR, Helgi V. Jónsson, bar fyrir sig voru:

1. Verkfall B.S.R.B. - en þar var Helgi formaður Kjaradeilunefndar, skipaður af hestarétti - og hafði því engann tíma aflögu!
2. Heilsugæslulæknar á Suðurnesjum fóru í verkfall og þurfti að taka á því máli strax - Samninganefnd TR upptekin!
3. Sérfræðingasamningar ófrágengnir - Samninganefnd TR upptekin.
4. Deilur, Félags ísl. Sjúkraþjálfara annars vegar og Tryggingastofnunar Ríkisins og Sjúkrasamlags Reykjavíkur hins vegar, um taxa - því var vísað í gerðardóm - og fannst Helga að e.t.v. ætti að bíða eftir að samningar færu af stað við sjúkraþjálfara svo þeir gætu verið samhlíða okkar samningum !!!!!
Nú hafa sjúkraþjálfarar unnið þann dóm.

20 mars 1985 ítrekaði KF enn einu sinni í samtali við Helga V. Jónsson beiðni um áframhaldandi samningaviðræður. Helgi kvað vafa ríkja hjá samninganefnd TR um það hvort edlilegt væri að iðjuþj. starfi utan sjúkrastofnana! Á hinn bóginn taldi hann skammarlegt að samningar hefðu dregist svo mjög á langinn. Helgi ætlaði að fá úr því skorið á næsta samninganefndarfund TR (21.03.85) hvað TR ætlaði sér í þessu máli: semja eða ekki

Hann ætlaði að láta okkur vita strax.

Staðan í dag 1.maf '85

Ekkert Heyrst frá Helga V. Jónss.

Aform samninganefndar IF

1. Formlegt bréf til formanns samninganefndar TR Helga V. Jónss. Samrit sent öðrum nefndarmönnum.
2. Ef ekkert svarbréf berst innan 1/2 mán. frá TR, þá panti samninganefnd IF tíma hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra Matthíasi H. Bjarnas. vegna málsins.
3. Ef enn ekkert gerist í málinu sjáum við ekki aðra leið en að gera þetta að blaðamáli. Það komum við þó til með að ræða við félagsmenn áður.

FRÉTTIR

FRA VINNUSTÖÐUM:

Grensásdeild Bsp.: Lilja Ingvarsson iðjubjálfi kom heim í des. 84 frá námi í Bandaríkjunum og hóf störf í jan. s.l.

Lyflækningadeild Bsp.: stöðum fjölgaði úr einni í tvær um áramótin. Iðjubjálfarnir Björk Pálsdóttir og Guðrún Árnadóttir eru nú í fullu starfi þar.

Bente Bryrup danskur starfsvirki, byrjaði að vinna 1.jan. s.l. og ætlar að vera í 1 ár.

Geðdeild Lsp.: Guðrún Pálmadóttir iðjubjálfi kom heim frá Bandaríkjunum í des. 84 og hóf störf um miðjan jan. s.l. Guðrún var í framhaldsnámi við Colorado State University og tók Meistaragraðu (MS) í þroska og fjölskyldufræðum (Human development and family study).

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, Háaleitisbraut: Elsa Ingimarsdóttir iðjubjálfi er komin heim frá námi í Bandaríkjunum og hóf störf 1.apríl s.l.

FYRIRLESTRAR, NÁMSKEIÐ O.FL.:

- Hope Knútsson formaður II, varði 8 mánuðum 1984, í rannsókn og könnun um vaxandi ofbeldi á Íslandi, einkum í og í kringum skóla.

- Í jan. 85 hélt Hope fyrirlestur á vegum Samtaka Áhugafólks um Uppeldi og Menntun, um orsakir og lausnir ofbeldis í skólum. Einnig kynnti hún þessi málefni í blöðum, útvarpi og afhenti alþingismönnum, ráðherrum og öðrum eintök af skýrslunni. Hún hefur endurtekið erindið í boði foreldrafélaga í mörgum skólum, í Reykjavík, Keflavík og Hafnafirði. Erindi Hopes er hægt að fá lánað til aflestrar, hjá henni sjálfri.

- í nóv. 84 hélt Björk Pálsdóttir iðjubjálfi fyrirlestur um skyn- og hreyfiproska fyrir starfsfólk og foreldra barna á Skóladagheimili Bsp.

- í nóv. 84 hélt Guðrún Hafsteinsdóttir iðjubjálfi fyrirlestur um hjálpartæki á námskeiði fyrir aðstandendur fatlaðra barna, sem haldið var í Ölvisborgum. Snæfríður Egilson iðjubjálfi hélt einnig fyrirlestur á námskeiðinu og talaði hún aðallega um tjáskiptahjálpartæki.

- í des. 84 héldu iðjubjálfarnir Eiríka Sigurhannesdóttir og Guðrún Hafsteinsdóttir fyrirlestur um starfsstillingar og vinnutækni fyrir starfsfólk Norræna Hássins.

- í des. 84 hélt Elín Ebba Ásmundsdóttir iðjubjálfi fyrirlestur um psykosomatísk einkenni séð frá sjónarmiði iðjubjálfans, fyrir starfsfólk Grensásdeildar Bsp.

Einnig hélt hún kynningu á iðjubjálfun fyrir 5.árs læknanema í sama mánuði.

- í des. 84 hélt Sigrún Ásmundsdóttir námskeið í líkamsbeitingu á heilsugæslubraut Fjölbautaskólans á Akranesi.

- í des. 84 hélt Sigríður Þorvaldsdóttir iðjubjálfi erindi um námsörðuleika tengdan skynjunarþróun barnsins í Grunnskóla Neskaupsstaðar.

- í jan. 85 hélt Rannveig Baldursdóttir iðjubjálfi fyrirlestur um áhrif atvinnuleysis á heilsu fólks fyrir starfsfólk Reykjalundar.

- í feb. 85 hélt Elín Ebba Ásmundsdóttir iðjubjálfi námskeið hjá Geðhjálp undir heitinu Gagn og Gaman (leikræn tjáning).

- 1 feb. 85 héldu iðjubjálfarnir Elín Ebba Ásmundsdóttir, Kristjana Fenger og Sylviane L. Pétursson námskeið um iðjubjálfun fyrir móttökudeildir Geðdeildar Lsp., byggt á kynningu og þátttöku í leikrænni Eðningu, myndtínum og dansi.
- 1 feb. 85 hélt Björk Pálsdóttir iðjubjálfi tvo fyrirlestra um iðjubjálfun á öldrunardeildum Bsp. fyrir starfsfólk öldrunardeilda Bsp., útibúa Bsp. o.fl.
- 1 feb. 85 hélt Sigrún Ásmundsdóttir iðjubjálfi kynningu, ásamt sjúkrabjálfa, á iðju- og sjúkrabjálfa faginu fyrir starfsfólk á öllum deildum sjúkrahús Akraness. Þær voru einnig með kynningu á meðferð hemiplegiusjúklinga á hinum ýmsu deildum sjúkrahússins.
- 1 feb. 85 hélt Anna Sveinbjörnsdóttir iðjubjálfi fræðslu um gigt og hjálpartæki á vegum Námsflokka Hafnarfjarðar, fyrir starfsfólk á Öldrunardeildum.
- 1 feb. 85 hélt Eiríka Sigurhannesdóttir iðjubjálfi námskeið í almennri snyrtingu fyrir starfsfólk Örva í Kópavogi. Hún hélt einnig sams konar námskeið fyrir sjúklinga í iðjubjálfun á Geðdeild Lsp.
- 1 feb. 85 var haldin tveggja daga ráðstefna um Atvinnumál Fatlaðra á vegum Félagsmálaráðuneytisins. Iðjubjálfarnir Hildur Þráinsdóttir, Ingibjörg Pétursdóttir, Rannveig Baldursdóttir, Sigríður Þorvaldsdóttir, Ingibjörg S. Ásgeirsdóttir, Valrós Sigurbjörnsdóttir og Kristjana Fenger sóttu ráðstefnuna.
- 1 mars 85 sótti Guðrún Hafsteinsdóttir iðjubjálfi námskeið til Danmerkur, Rold II um meðferð á börnum.
- 1 mars 85 hélt Ingibjörg S. Ásgeirsdóttir iðjubjálfi fyrirlestur um meðferð iðjubjálfa á helftarlömuðum fyrir starfsfólk Grensádeildar Bsp.
- 1 mars 85 héldu iðjubjálfarnir Björk Pálsdóttir og Guðrún Árnadóttir fyrirlestra um skyn- og hreyfibroska og uppbyggingu hreyfiðrúnnarprógrams á tveimur hálf dags námskeiðum fyrir starfsfólk dagvistunarheimila Ríkisspítalana.
- 1 mars 85 hélt Guðrún Árnadóttir iðjubjálfi fyrirlestur um iðjubjálfun á akut spítala, með framtíðaráætlun á Bsp. í huga, fyrir sjúkrabjálfa Bsp.
- 1 mars 85 hélt Anne Grethe Hansen iðjubjálfi tvo fyrirlestra um áttunarbjálfun/skynbjálfun fyrir starfsfólk Öldrunarlækningsadeildar Lsp.
- 1 mars 85 flutti Guðrún Hafsteinsdóttir iðjubjálfi erindið, "Umhverfið", á ráðstefnunni "Að búa heima", sem haldin var á Hótel Esju.
- 1 mars 85 sótti Eiríka Sigurhannesdóttir iðjubjálfi þjálfunarnámskeið hjá ISÍ í örvunarleikfimi og leikfimi í vinnuhléum.
- 1 mars 85 hélt Guðrún Pálmadóttir iðjubjálfi fyrirlestur um áhrif fötlunar á fjölskylduna fyrir starfsfólk á Reykjalundi. Hélt einnig fyrirlestur um sama efni á Félagsfundi ÍÍ. Guðrún var einnig með tveggja tíma kennslu um fötlun og fjölskyldulíf fyrir Sóknarkonur hjá Námsflokkum Hafnarfjarðar.
- 1 mars 85 voru iðjubjálfarnir Elín Ebba Ásmundsdóttir, Guðrún Pálmadóttir, Kristjana Fenger og Sylviane L. Pétursson með eins dags námskeið um handleiðslu starfsfólks, á vegum Geðdeilda Ríkisspítalanna.
- 1 mars 85 tók Hope Knútsson iðjubjálfi þátt í eins dags námskeiði í iðjubjálfunardeild Columbia Háskólans í New York. Á námskeiðinu var rætt um eftirfarandi efni í hópunum: líkamleg fötlun, geðlækingar, handleiðsla og barnaiðjubjálfun. Hope var með í geð-hópnum.
- Barbara Neuhaus, Ed.D. OTR, FAOTA, skólastjóri iðjubjálfunardeildar Columbia Háskólans sýndi mikinn áhuga á að vera ráðgefandi hjá okkur, í nokkra mánuði, þegar við stofnum iðjubjálfanámsbraut við Háskóla Íslands.
- 1 apríl 85 sóttu iðjubjálfarnir Hildur Þráinsdóttir, Ingibjörg Pétursdóttir, Margrét Sigurðardóttir, Rannveig Baldursdóttir, Sigríður Loftsdóttir og Sigríður Jónsdóttir, 18 kennslustunda Tölvunámskeið hjá Tölvufræðslunni s/f.

- í apríl 85 hélt Guðrún Hafsteinsdóttir iðjubjálfi fyrirlestur um hjálpartaki, sýndi litskyggnur og kvikmyndina, "Tíðlig indsats, jo før jo bedre", á foreldrafundi á Akureyri.

- í apríl 85 hélt Guðrún Árnadóttir iðjubjálfi fyrirlestur um iðjubjálfun á akutspítala og um þá þjónustu iðjubjálfar geta veitt, á fræðslufundi á vegum lækna-ráðs Lsp.

- í apríl 85 hélt Guðrún Árnadóttir iðjubjálfi fyrirlestur um organísk mental einkenni á fræðslufundi ÍÍ.

- í maí 85 sóttu iðjubjálfarnir Elín Ebba Ásmundsdóttir, Guðrún Pálmadóttir, Kristjana Fenger og Sylviane L. Pétursson eins dags ráðstefnu um endurhæfingu geðsjúkra á vegum geðdeilda Ríkisspítalanna.

- í maí 85 sóttu iðjubjálfarnir Björk Pálsdóttir og Ingibjörg Jónsdóttir vikunámskeið til Noregs, um afasíu og minnisbjálfun fyrir heilaskerta.

- í maí 85 var gefinn út bæklingur um Starfstellingar og vinnutækni eftir Björk Pálsdóttur iðjubjálfa.

- veturinn 84-85 hafa iðjubjálfarnir Björk Pálsdóttir, Guðrún Árnadóttir og Ingibjörg S. Ásgeirsdóttir unnið að áframhaldandi tilraunastarfsemi á örvun skyn- og hreyfibróska barna í yngstu bekkjum Föðvogsskóla.


- Daganna 12.-16. apríl s.l. var haldin Hjálpartækjasýning, hin fyrsta sinnar tegundar á Íslandi á Hótel Loftleiðum. Iðjubjálfarnir Elíríka Sigurhannesdóttir, Guðrún Hafsteinsdóttir og Snæfríður Egilson voru með í undirbúningshóp sýningarinnar.

Fjölbreytt dagskrá var alla sýningardaganna og flutt voru ýmis erindi, sem voru vel sótt af iðjubjálfum. Danskur iðjubjálfi Jette Bentzen flutti meðal annars erindi um börn og hjálpartaki. Hún gaf einnig iðjubjálfunum hjá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra, ráðleggingar í sambandi við meðferð barna.

auping ————— NYTT

RAFMAGNS- OG LOFTPUMPUBOTNAR

auping:
Rúmbotnar sem eru sérstaklega hönnuðir til að falla að líkamanum. Hægt er að lyfta bóðum endum upp án fyrirhafnar.





Einkaumboð:
INGVAR OG GYLFI
UMHAFSSTYÐIÐ HÖFÐAVERJÓHN 1100 5100 00 1000

Rúmbotnar



ÁRANGUR


med




Spelkuefni sem:

- hitað er í vatni að 55°C, eða með heitu lofti.
- verður gagnsætt við hitun.
- mjög teygjanlegt, en tekur á sig upp-
runalega mynd við endurhitun.
- festist mjög auðveldlega við önnur efni.
- má hraðkæla með vatni eða ísbakstri.
- þolir útfjólubláa geislun.
- fæst í mismunandi þykktum, frá 1,6 mm – 4,2 mm.



Micro



Mini



Maxi



Hitabað með
termostati.

Stærðir:
60 × 30 cm.
60 × 50 cm.

Snorri hf.

Garðastræti 6,
101 Reykjavík
Símar 27977 og 27974

MOLIFT

Sjúkralyftan, handhæg og lipur.

Hentar vel bæði á heimilum og stofnunum

**Rafmagnshjólástóllin
frá Árósum**



Roltec
EL-KØRESTOL

**Fatnaður fyrir
fatlaða**

SG
DESIGN



BAY JACOBSEN®

**Heilsuyfirdýnur og
heilsukoddar**



**Viðvörunarkerfi gegn
rúmvætu**

biometer

Ragmagnslækningatæki

Tònika h.ð.

Umboðs- og heildverslun

Melabraut 73 — 170 Seltjarnarnesi —

Sími 91-12668

Orðsending til félagsmanna erlendis

Það er erfitt fyrir okkur að fylgjast með félögum okkar erlendis. Þess vegna biðjum við ykkur að:

1. Tilkynna félaginu breytt heimilisfang, eða leiðrétta það ef rangt er með farið í Blaðinu.
2. Tilkynna okkur hvenær þið hyggist ljúka námi.
3. Senda okkur nöfn og heimilisföng nýrra nema, sem við höfum ekki frétt af.

IÐJUPJÁLFAR Á ÍSLANDI - maí 1985

<u>BORGARSPÍTALINN í Fossvogi, 108 Rvk.</u>		s. 81200
<u>Lyflækningadeild</u>		s. 394
Björk Pálsdóttir	Stóragarði 12 108 Reykjavík	s. 687468
Guðrún Árnadóttir	Hvassaleiti 30 108 Reykjavík	s. 31086
<u>Endurhæfingadeild, Grensás</u>		s. 685177/38
Ingibjörg S Ásgeirsdóttir	Skólalbraut 53 170 Seltjarnarnes	s. 13387
Ingibjörg Jónsdóttir	Sörlaskjól 80 107 Reykjavík	s. 23449
Lilja Ingvarsson	Einholt 11 105 Reykjavík	s. 11888
Sigrún Garðarsdóttir	Hjarðarhagi 42 107 Reykjavík	s. 13267
Valrós Sigurbjörnsdóttir	Tómasarhagi 34 107 Reykjavík	s. 13738
<u>LANDSPÍTALINN v/Eiríksgötu, 101 Rvk.</u>		s. 29000
<u>Geðdeild</u>		s. 650/651/652
Elín Ebba Ásmundsdóttir	Laugavegi 53A 105 Reykjavík	s. 615683
Guðrún Pálmadóttir	Búðargarði 1 108 Reykjavík	s. 39117
Kristjana Fengar	Barmahlíð 50 105 Reykjavík	s. 29715
Sylviane Lecoultre Pétursson	Marargata 4 101 Reykjavík	s. 28594
<u>Öldrunarlækningadeild</u>		s. 583
Anne Grethe Hansen	Arnartangi 54 270 Varmá	s. 667262
Eva Wänglund	Eiríksgata 29 101 Reykjavík	s. 29000/640
Rósa Hauksdóttir	Krummahólar 6, 6c 109 Reykjavík	s. 79508

STYRKARTARFÉLAG LAMADRA OG FATLAÐRA, Háaleitisbraut 11-13, 105 Rvk. s. 84999

Elsa Ingimarsdóttir	Skafthlíð 42, kj. 105 Reykjavík	s. 36525
Hrefna Óskarsdóttir	Njálsgata 50 101 Reykjavík	s. 20987
Katla Kristvinsdóttir	Hvassaleiti 22 108 Reykjavík	s. 685113
Snæfríður Þ Egilson	Laugateig 30 105 Reykjavík	s. 32735

VINNUHEIMILIÐ AÐ REYKJALUNDI, 270 Varmá s. 666200/192

Hildur Þráinsdóttir	Neðribraut 6 270 Varmá	s. 666200/170
Ingibjörg Pétursdóttir	Efribraut 5 270 Varmá	s. 666200/161
Margrét Sigurðardóttir	Njörvasund 24 104 Reykjavík	s. 39288
Rannveig Baldursdóttir	Suðurrhólar 6 109 Reykjavík	s. 76796
Sigríður Hermannsdóttir	Hlíðatún 10 270 Varmá	s. 666679
Sigríður Jónsdóttir	Langholtsvegur 192 104 Reykjavík	s. 35229
Sigríður Loftsdóttir	Reykjavíkurvegur 29 101 Reykjavík	s. 621073

GIGTLÆKNINGASTÖÐ ÍSLANDS, Ármúla 5, 105 Rvk. s. 30760

Anna Sveinbjörnsdóttir	Bröttuhlíð 5 810 Hveragerði	s. 99/4255
	í Rvk: Reynimelur 80, 107 Rvk.	s. 20049
Unnur S Alfreðsdóttir	Vallargerði 14 200 Kópavogur	s. 41051

HJÁLPARTÆKJABANKINN, Nóatún 21, 105 Rvk. s. 21333/21642

Guðrún Hafsteinsdóttir	Engjasel 33 109 Reykjavík	s. 79014
------------------------	------------------------------	----------

IDJUDJÁLFAFÉLAG ÍSLANDS/GEÐHJÁLP

Hope Knútsson	Æsufell 4, 2F 109 Reykjavík	s. 73734
---------------	--------------------------------	----------

KLEPPSSPÍTALINN, 104 Rvk. s. 38160/48

Jóna Kristófersdóttir	Kleppsvegur 120 104 Reykjavík	s. 34227
-----------------------	----------------------------------	----------

ÖRYRKJABANDALAG ÍSLANDS/IDNSKÓLINN Í REYKJAVÍK s. 26700(ÖBÍ)

Eiríka Sigurhannesdóttir	Torfufell 44 109 Reykjavík	s. 73633
--------------------------	-------------------------------	----------

IDJULUNDUR, Hrísalundi 1B, 600 Akureyri		s.96/25836
Kristín Tómasdóttir	Hrafnagilsstræti 22 600 Akureyri	s.96/21084
SJÚKRAHÚS AKRANESS, Heiðarbraut 30, 300 Akranes		s.93/2311
Sigrún Ásmundsdóttir	Suðurgata 78 300 Akranes	s.93/2723
SVÆDISSTJÓRN AUSTURLANDS, Vonarland, 700 Egilsstaðir		s.97/1833
Sigríður Þorvaldsdóttir	Miðgarður 4 700 Egilsstaðir	s.97/1554

ÍSLENSKIR IDJUPJÁLFAR ERLENDIS

Bára Sigurðardóttir	Rendsborggade 3, vær.69 7500 Holstebro, <u>Danmark</u>
Bjargey Ingólfssdóttir	Dronningensgt.49, 7000 Trondheim, <u>Norge</u>
Elísabet Vernharðsdóttir	Sprängkullsgatan 17, 411-23 Göteborg, <u>Sverige</u>
Finnur Bárðarson	Centrala Arbetsterapien, Länssjukhuset, 301-85 Halmstad, <u>Sverige</u>
Guðrún Ársælsdóttir	Engvej 4, 7500 Holstebro, <u>Danmark</u>
Guðrún Emilsdóttir	Stenströmsgatan 1D, 416-56 Göteborg, <u>Sverige</u>
Hallfríður Bjarnadóttir	Fredrekstangvej 27B, 4300 Sandnes, <u>Norge</u>
Jóhanna Erla Eiríksdóttir	Græshavevej 8b, 2730 Herlev, <u>Danmark</u>
Jóhanna Ingólfssdóttir	Rackarbergsgatan 56:31o, 75232 Uppsala, <u>Sverige</u>
Kolbrún Ragnarsdóttir	Ryesgade 31B st.t.v. 2200 København N, <u>Danmark</u>
Sigurður Sigurðsson	Møgeltøndergade 8, Vesterbro, København, <u>Danmark</u>
Viðar Óskarsson	Vigerslevvej 64, 2500 Valby, <u>Danmark</u>
Dóra Gestsdóttir	Græshavevej 8b, 2730 Herlev, <u>Danmark</u>

IDJUPJÁLFANEMAR

Áætluð námslok 1985

Júni	Anna Sigríður Jónsdóttir	Ergoterapeutskolen i København Lersø Parkallé 38, 2100 København Ø, <u>Danmark</u>
	Hildur Arnkelsdóttir	Sandspåret 29, 424-31 Angerred, <u>Sverige</u>
	Leifsdóttir	36o Pilestredet Studenthjem, Pilestredet 36, 0166 Oslo 1, <u>Norge</u>
	Guðrún Stefánsdóttir	Rode Kruislaan 957, 1111 ZW Diemen, <u>Holland</u>

Áætluð námslok 1985 (frh)

?	Helga Óskarsdóttir	6 West-Viewgarden, East Greenstead, Sussex, <u>England</u>
---	--------------------	--

Áætluð námslok 1986

Janúar	Lillý Halldóra Sverrisd.	Rendsborggade 3, vær.70. 7500 Holstebro, <u>Danmark</u>
Janúar	Steinnunn Jóhannsdóttir	Borgaregatan 12, 416-66 Göteborg, <u>Sverige</u>
Júní	Elín Hannesdóttir	Gellerup Kollegiet, Lottesvej 13 st. 8220 Brabrand, <u>Danmark</u>
Júní	Gerður Gústavsdóttir	Inkognito Terrasse 5, 0256 Oslo 2, <u>Norge</u>
Júní	Maren Ósk Sveinbjörnsd.	Claus Bergsgade 5B, I.tv. 5000 Odense C, <u>DANMARK</u>
Júní	Unnur Jóhannsdóttir	Ergoterapeutskolen i København Lersø Parkallé 38, 2100 København Ø, <u>Danmark</u>
Desember	Elsa Sigríður Þorvaldsd.	Valgrindvegen 13B, 7000 Trondheim, <u>Norge</u>
Desember	Valborg Huld Kristjánsd.	Valgrindvegen 13B, 7000 Trondheim, <u>Norge</u>
?	Guðrún Guðfinnsdóttir	2524 Hanover Ave.nr.3, Richmond,Virginia 23220, <u>USA</u>

Áætluð námslok 1987


Mars	Björk Steingrímsdóttir	Østerbrogade 8,st. 7500 Holstebro, <u>Danmark</u>
Júní	Sólveig Ásta Karlsdóttir	Istedgade 61, 1.t.h. 1650 København V, <u>Danmark</u>
?	Kristín Kristjánsdóttir	Ergoterapeutskolen i København Lersø Parkallé 38, 2100 København Ø, <u>Danmark</u>
?	Anna Guðrún Arnardóttir	Norums Højd 59, 417-45 Göteborg, <u>Sverige</u>

Áætluð námslok 1988


Janúar	Helga Guðjónsdóttir	Limfjordskollegiet, Bakkegårdsvej 28, D4 9000 Ålborg, <u>Danmark</u>
Mars	Guðrún Áslaug Einarsdóttir	Søndervangen 69, vær.24 8260 Viby J, <u>Danmark</u>
Mars	Hlín Guðjónsdóttir	Ergoterapeutskolen i Holstebro Lægårdsvej 12, 7500 Holstebro, <u>Danmark</u>
Mars	Kristín Sigursveinsdóttir	Ergoterapeutskolen i København Lersø Parkallé 38, 2100 København Ø, <u>Danmark</u>



„Forritarinn minn skilur mig ekki.“



„Mér líkar frábærlega við þessa gúmmi tölvu.“



„Gettu hver verður nú fyrir barðinu á nútíma tækni.“



Tölvuvæðing menntakerfisins er á réttri braut. — Peir völdu Acorn BBC!

ACORN BBC tölvun hefur sannað gildi sitt sem kennslutölva í skólum margra landa og er Ísland þar engin undantekning. Meðal skóla sem nota BBC tölvuna hér á landi eru: Menntaskólinn v/Hamrahlíð, Vífistaðaskóli, Menntaskólinn á Egilsstöðum, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum, Háskóli Íslands og margir fleiri.

BBC tölvun

12 tommu grænn skjár og


400 K diskadrif

***kr. 39.987.-** (staðgreiðsla)

STERÍÓ HF.

TRYGGVAGÖTU, SÍMI: 19630.

— Höfum samband! —



* **ATH!** Bjóðum kennurum og skólum ennfreður sérstakan afslátt.

HJÁLPARTÆKJABANKINN



Hvernig gengur þér

*að gera það sem áður var auðvelt, svo sem
að fara í bað, klæðast, ganga, matast,
standa upp af salerninu?*

Ef þú átt í erfiðleikum

*með þessar athafnir, hafðu þá samband við
okkur í Hjálpartækjabankanum. Við munum
aðstoða þig við að velja réttu hjálpartækin.*

*Höfum ávallt fyrirbyggjandi fjölbreytt úrval
hjálpartækja.*

Sími (91)-21333.

HJÁLPARTÆKJABANKINN



NÓTATÚNI 21, SÍMI 2 13 33, TELEX NR. 2180, REYKJAVÍK